



**Viðhorf til þátttöku í námi á  
fullorðinsárum  
Niðurstöður úr rýnihópum**



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
MENNTAVÍSINDASVIÐ



**Skýrslugerð:**

Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir,  
Lára Rún Sigurvinsdóttir,  
Steingerður Ólafsdóttir,  
Kristín Erla Harðardóttir.

**Menntavísindastofnun Háskóla Íslands**

Nóvember, 2014.

Rannsókn á þátttöku í námi á fullorðinsárum var unnin fyrir Fræðslumiðstöð atvinnulífsins/Fræðslusjóð af Menntavísindastofnun Háskóla Íslands, í náinni samvinnu við helstu sérfræðinga Menntavísindasviðs á þessu sviði: Jón Torfa Jónasson, Elsu Eiríksdóttur, Gest Guðmundsson og Hróbjart Árnason.

**EFNISYFIRLIT**

<b>SAMANTEKT</b> .....	<b>2</b>
1.1 SÝNILEIKI OG FRAMBOÐ FULLORÐINSFRÆÐSLU .....	2
1.2 ÁSTÆÐUR FYRIR BROTTFALLI ÚR FORMLEGU NÁMI.....	2
1.3 HVATAR TIL AÐ SÆKJA FULLORÐINSFRÆÐSLU .....	2
1.4 STUÐNINGUR .....	3
1.5 HINDRANIR.....	3
1.6 HÓPUR Í VANDA .....	4
1.7 HUGRENNINGAR UM FRAMTÍÐ.....	4
<b>2 INNGANGUR</b> .....	<b>4</b>
<b>3 HUGTÖK</b> .....	<b>6</b>
3.1 FRÆÐSLU- OG SÍMENNTUNARMIDSTÖÐVAR .....	6
3.2 FULLORÐINSFRÆÐSLA .....	6
3.3 FORMLEGT NÁM .....	6
3.4 ÓFORMLEGT NÁM.....	6
3.5 FORMLAUST NÁM .....	7
3.6 RAUNFÆRNIMAT.....	7
3.7 MENNTASTOÐIR .....	7
3.8 OPIN SMÍÐJA.....	7
3.9 LEIKSKÓLALIÐA OG STUÐNINGSFULLTRÚABRÚ.....	7
3.10 FÉLAGSLIÐABRÚ.....	7
3.11 GRUNNMENNTASKÓLI.....	8
3.12 HÁSKÓLABRÚ .....	8
<b>4 SÖGULEGT SAMHENGI</b> .....	<b>9</b>
4.1 MIKILVÆGI RAUNFÆRNIMATS .....	10
<b>5 MARKMIÐ OG FRAMKVÆMD</b> .....	<b>12</b>
5.1 LÝSING Á RÝNIHÓPUM .....	13
<b>6 HELSTU ÞÆTTIR ÚR RÝNIHÓPUM</b> .....	<b>18</b>
6.1 SÝNILEIKI OG FRAMBOÐ FULLORÐINSFRÆÐSLU .....	18
6.2 ÁSTÆÐUR FYRIR BROTTFALLI ÚR FORMLEGU NÁMI.....	22
6.3 HVATAR TIL AÐ SÆKJA FULLORÐINSFRÆÐSLU .....	25
6.4 STUÐNINGUR .....	30
6.5 HINDRANIR.....	34

---

6.6	HÓPUR Í VANDA .....	37
6.7	HUGRENNINGAR UM FRAMTÍÐ.....	38
<b>7</b>	<b>UMRÆÐUR .....</b>	<b>40</b>
<b>8</b>	<b>HEIMILDIR .....</b>	<b>45</b>

## **SAMANTEKT**

### **1.1 SÝNILEIKI OG FRAMBOÐ FULLORÐINSFRÆÐSLU**

- Sýnileiki og framboð var talið gott á landsbyggðinni. Sýnileikinn þó minni þegar kemur að smærri þorpum og dreifðari byggðum. Það virðist vera þörf fyrir að kynna starfsemina til dæmis með því að heimsækja starfsstaði og kynna þær leiðir sem eru í boði.
- Flestir á landsbyggðinni sáu námskeiðin auglýst í bæjarblaðinu.
- Sýnileikinn á Stór-Reykjavíkursvæðinu er mestur í gegnum Mími en þar er gallinn sá að mati þátttakenda að „námskeið“ í tungumálum og „léttmeti“ sé meira áberandi og fullorðinsfræðslan fyrir vikið ekki nægilega sýnileg sem ákveðin námsleið fyrir þá sem vilja komast í framhaldsskólanám.
- Vinnumálastofnun ætti að kynna námsleiðir fyrir skjólstæðingum sínum á skyldufundunum sem allir þurfa að fara á og nýta sér nýjar leiðir til að veita aukna upplýsingagjöf um fullorðinsfræðsluna.
- Rætt var um nafnið „fullorðinsfræðsla“ sem gæti virkað fráhrindandi og komu fram tillögur um að leggja áherslu á orðavalið „aftur í nám“, „endurmenntun“ eða önnur meira hvetjandi heiti á athöfninni að taka upp framhaldsskólanám seinna í lífinu. Nafnið framhaldsfræðsla kom ekki upp í hópviðtölum en samkvæmt lögum nefnist fræðslan framhaldsfræðsla í dag.

### **1.2 ÁSTÆÐUR FYRIR BROTTFALLI ÚR FORMLEGU NÁMI**

- Algengustu ástæður fyrir brottfalli voru áhugaleysi, stefnuleysi og leiði. Þá höfðu barneignir áhrif á framvindu mála varðandi nám.
- Tímaskortur varð til þess að sumir þessara einstaklinga hafa þurft að falla frá námskeiðum sem í boði eru á fullorðinsárum. Þá var talinn til hár kostnaður við kvöldskóla (öldungadeild).

### **1.3 HVATAR TIL AÐ SÆKJA FULLORÐINSFRÆÐSLU**

- Krafa samfélagsins til menntunar hefur aukist að mati margra.
- Möguleiki á hærri launum og starfsframa voru einnig ástæða þess að aðspurðir vildu læra meira.

- Náms- og starfsráðgjafar sögðu margvíslegar ástæður fyrir því að fólk hefji nám aftur, fullorðinsfræðslan skapi ný tækifæri og í dag sé eftirsóknarvert að vera vel menntaður, þá hafi raunfærnimatið einnig mikið að segja.
- Hvati sé einnig falinn í því þegar fólk áttar sig á því hvaða reynslu það hafi safnað þegar farið er í raunfærnimat.

#### **1.4 STUÐNINGUR**

- Stuðningur frá fjölskyldu og samstarfsmönnum er áberandi hjá þeim sem stunda nám en stuðningur frá vinnuveitendum er mismunandi.
- Fjárhagslegur stuðningur frá sjóðum stéttarfélaganna var mikill en mismunandi hversu hár styrkur var, frá 50% til 100% af kostnaði við námið. Einnig voru styrkir frá sveitarfélögum til staðar. Fjárhagslegur styrkur var talinn ein af aðalforsendum þess að hægt væri að stunda nám með vinnu.
- Ljóst er að verkefnisstjórar hjá framkvæmdaraðila fræðslunnar eru mikill stuðningur fyrir þá sem eru í námi.
- Ánægja ríkti með þjónustu náms- og starfsráðgjafa um fullorðinsfræðsluna en þó þótti skorta á handleiðslu um hvernig umsóknarferlið í næstu skref færi fram þegar fullorðinsfræðslunni væri lokið. Þörf væri á að teikna upp framtíðarsýn fyrir nemendur sem vilja halda áfram og leiða þá í réttar áttir.

#### **1.5 HINDRANIR**

- Atvinnuleitendur voru ekki alltaf meðvitaðir um sinn rétt varðandi nám á meðan á bótatíma stendur. Talið var að sá biðtími sem myndast frá því að skráning á sér stað hjá Vinnuálastofnun þar til að hefja mætti nám væru heftandi fyrir atvinnuleitendur. Einnig þótti það hindrun að einingafjöldi sem má skila á önn væri takmarkaður.
- Fjármagn, tímaskortur, námsframboð, fyrri reynsla af skólagöngu, greiningar (ADHD og lesblinda), veikindi, félagslegar aðstæður og skortur á sjálfstrausti standa í vegi fyrir því að fólk fari í nám að mati náms- og starfsráðgjafa.
- Þá ræddu náms- og starfsráðgjafar um uppbyggingu námsins hérlendis sem er einsleitt þar sem námið í fullorðinsfræðslunni byggist á sömu stoðum og almenna framhaldsskólakerfið þ.e.a.s. bóklegu og fagbóklegu námi, en lítið er um verknám.

- Bæði náms- og starfsráðgjafar og viðtalshóparnir telja að skortur sé á verklegu námi í fullorðinsfræðslu.
- Sjálfstraust er oft sá þáttur sem hefur hvað mest áhrif að mati náms- og starfsráðgjafa og þess vegna henta styttri námskeið til þess að efla fólk til náms.

## 1.6 HÓPUR Í VANDA

- Náms- og starfsráðgjafar ræddu um hóp sem þeir hefðu áhyggjur af en það er fólk sem dottið hefur út af skrá hjá Vinnumálastofnun vegna tímamarka og er komið inn á borð sveitarfélaga sem greiða þeim bætur.
- Einnig er að mati náms- og starfsráðgjafa stækkandi hópur einstaklinga á aldrinum 18 til 25 ára sem hefur aldrei náð að spreyta sig á vinnumarkaði og kemst ekki inn á vinnumarkaðinn. Það sé nýtt á Íslandi að þannig hópur myndist.

## 1.7 HUGRENNINGAR UM FRAMTÍÐ

- Þeir sem voru í námi höfðu flestir skýra sýn á hvert þeir stefndu í framtíð. Þau sem voru í bóklegu námi stefndu öll á að vera búin með nám í háskóla eftir fimm ár eða svo. Yngri hópur þeirra sem voru í starfsnámi sáu fyrir sér aukna menntun og sumir sáu jafnvel fyrir sér búsetu erlendis. Einnig sá hluti þeirra sem eru í starfsnámi fyrir sér eigin rekstur en það var einkum meðal karlmannna.
- Á starfsstöðum töldu flestir sig vera á öðrum stað í lífinu ef þeir hefðu lokið framhaldsskóla á sínum tíma. Þó voru nokkrir sem töldu sig ekki vera annars staðar í dag þó þeir hefðu öðlast menntun.
- Atvinnuleitendur töldu sig flesta vera á öðrum stað í dag ef þeir hefðu klárað sína framhaldsmenntun.

## 2 INNGANGUR

Hugtakið „fullorðinsfræðsla“ (e. adult education) er margrætt hugtak sem á sér djúpar rætur í hugmyndum um nám sem snúið er í aftur eftir rof í skólagöngu á framhaldsskólaaldri. Hlutfall einstaklinga sem snúa aftur í nám seinna á lífskeiðinu eftir að hafa öðlast reynslu á vinnumarkaði er hátt héraðs. Skilgreining á fullorðinsfræðslu (adult education) er „fræðsla fyrir fullorðna ætluð í almennum tilgangi. Fullorðinsfræðsla er notað um almenna fræðslu fyrir fullorðna sem telst

áhugaverð og er viðbótarnám í grunnfærni“ (Sérfræðingahópur FA, 2004:20-21). Þátttaka á vinnumarkaði er í mörgum tilfellum ákveðinn undirbúningur undir fullorðinsfræðslu og hluti fólks virðist oft ráða betur við námið en áður með aukinn þroska og starfsreynslu í farteskinu. Efnahagskreppan ýtti undir mikilvægi menntunar og jók á frekari tækifæri til menntunar þar sem ómenntaðir atvinnuleitendur sem mynduðu stærsta hóp atvinnuleitenda sóttu sér menntun í auknum mæli í gegnum aukinn tækifæri í gegnum símenntunarmiðstöðvar sem dæmi. Raunfærnimatið virðist styðja við bakið á þeim sem hafa reynslu á vinnumarkaði til að komast áfram í framhaldsskólanám og öðlast aukið sjálfstraust til að takast á við nám.

Eitt af markmiðum ríkisstjórnarinnar er að minnka brottfall úr framhaldsskólum. Niðurstöður rannsókna Gests Guðmundssonar og Huldu Karenar Ólafsdóttur (2013) benda til hás hlutfalls endurkomu í nám síðar á lífsleiðinni eftir að hætt er í framhaldsskólanámi, þær benda einnig til þess að bregðast megi við brottfalli með því að laða einstaklinga sem hafa hætt námi, inn í fullorðinsfræðsluna.

Í þessari skýrslu er greint frá niðurstöðum rýnihópaviðtalanna sem framkvæmd voru fyrir Fræðslusjóð um fullorðinsfræðslu á Íslandi. Skýrslan er unnin af Menntavísindastofnun, Menntavísindasviðs Háskóla Íslands í samstarfi við sérfræðinga sviðsins. Markmið með henni er að skoða þátttöku í námi á fullorðinsárum til að fá fram hagnýtar upplýsingar sem nýtast í markvissu starfi í þágu fólks sem hefur ekki lokið námi á framhaldsskólastigi .

Uppbygging skýrslunnar er að eftir samantekt og inngang, er farið í skilgreiningar á helstu hugtökum auk sögulegs samhengis um fullorðinsfræðslu, þá er farið í framkvæmd og markmið rýnihópavinnunnar. Síðan kemur kafli um mikilvæg atriði úr rýnihópaviðtölum rannsóknarinnar. Hann skiptist í eftirfarandi undirkafla: Sýnileiki og framboð fullorðinsfræðslu, ástæður fyrir brottfalli úr formlegu námi, hvatar til að sækja fullorðinsfræðslu, stuðningur, hvatning, hindranir, hópur í vanda og hugrenningar um framtíð. Í lokin er umræðukafli og heimildarskrá.



### 3 HUGTÖK

#### 3.1 Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar

Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar eru starfræktar á um 15 ára gömlum grunni og hafa stuðlað að því að einstaklingar geti nýtt sér tækifæri til menntunar eftir að hafa náð ákveðnum aldri í þeim tilgangi að komast inn í frekara nám eða sækja námskeið sem eykur hæfni þeirra á vinnumarkaði. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sér um stefnumótun, þróun og umsjón, útbreiðslu, ráðgjöf og gæðamál þegar kemur að fullorðinsfræðslu.

Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar eru staðsettar í öllum landshlutum hérlandis og eru með skilgreint hlutverk sem er að sjá um verkefnastýringu, náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat og þróun fullorðinsfræðslu, ásamt því að sjá um námskeið og á vegum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins eða annarra viðurkenndra aðila.

#### 3.2 Fullorðinsfræðsla

Fullorðinsfræðsla eða framhaldsfræðsla á við um fræðslu fyrir þá sem ekki hafa lokið iðnnámi, stúdentsprófi eða öðru sambærilegu framhaldsskólanámi en fara í slíkt nám á fullorðinsárum utan skólakerfisins. Með öðrum orðum fræðsla utan skólakerfisins sem er framhald grunnskólanáms eða takmarkaðs framhaldsskólanáms (Jón Torfi Jónasson, 2013).

#### 3.3 Formlegt nám

Færni sem aflað er í formlegu skólakerfi og viðurkennd með útskrift eða prófskírteinum frá formlegum skólayfirvöldum.

#### 3.4 Óformlegt nám

Færni sem aflað er í skipulögðu námi utan skólakerfis til dæmis hjá símenntunarmiðstöðvum, námsflokkum eða með námskeiðum á starfsstað. Þessi færni er oft staðfest með skírteini eða annarri staðfestingu á þátttöku.

### **3.5 Formlaust nám**

Færni sem einstaklingurinn hefur öðlast í gegnum daglegar athafnir tengdar starfi, fjölskyldu eða frítíma. Færni sem einstaklingurinn býr yfir en hefur hvorki skírteini né aðra staðfestingu á að hann hafi tileinkað sér.

### **3.6 Raunfærnimat**

Skipulegt ferli þar sem með formlegum hætti er lagt mat á alhliða þekkingu og færni einstaklings. Matið getur byggst á skólagöngu, starfsreynslu, starfsnámi, frístundanámi, framhaldsfræðslu, félagsstörfum og lífsreynslu viðkomandi. (<http://www.althingi.is/altext/stjt/2010.027.html>)

### **3.7 Menntastoðir**

Menntastoðir er 660 klukkustunda bóklegt nám til undirbúnings fyrir háskólabrú. Námið er í boði hjá símenntunarstöðvum um land allt eftir þörfum og þátttöku innan samfélagsins.

### **3.8 Opin smiðja**

Opin smiðja er 120 klukkustunda verklegt nám til aukinnar verkkunnáttu á starfsstað. Námið er kennt í símenntunarstöðvum um land allt eftir þörfum og þátttöku innan samfélagsins.

### **3.9 Leikskólaliða og stuðningsfulltrúabré**

Leikskólabré er 36 eininga framhaldskólanám fyrir starfsmenn leikskóla (hjá Fræðsluneti Suðurlands). Námið er kennt í símenntunarstöðvum um land allt eftir þátttöku innan samfélagsins og þörfum.

### **3.10 Félagsliðabré**

Félagsliðabré er 32 eininga framhaldsskólanám fyrir starfsmenn öldrunarþjónustu og þjónustu við fatlaða (hjá Fræðsluneti Suðurlands). Námið er kennt í símenntunarstöðvum um land allt eftir þátttöku og þörfum á hverjum stað fyrir sig.

### **3.11 Grunnmenntaskóli**

Grunnmenntaskólinn er 300 klukkustunda bóklegt nám til undirbúnings undir það að snúa aftur í framhaldsskólanám. Námið er kennt í símenntunarstöðvum um land allt eftir þörfum og þátttöku innan samfélagsins.

### **3.12 Háskólabrú**

Háskólabrú er nám sem er sniðið að þörfum þeirra sem ætla sér í háskóla og hafa ekki lokið framhaldsskólanámi. Námið tekur 2-3 annir eftir því á hvaða nám er stefnt í háskóla og er kennt í ýmsum háskólum og hjá Keili háskólabrú. Til að komast í Háskólabrú þarf viðkomandi að hafa lokið ákveðnum einingafjölda á framhaldsskólastigi. Námskráin Menntastoðir var hönnuð til að mæta þörfum þeirra, sem hafa ekki nægilega margar einingar til að fá inngöngu í háskólabrú.

## 4 SÖGULEGT SAMHENGI

Stefna fyrri ríkisstjórnar um Sóknaráætlun, Ísland 2020 er að lækka hlutfall þeirra sem ekki ljúka prófi úr framhaldsskóla úr 20% í 10% (Jón Torfi Jónasson, 2013). Í Hvítbók menntamálaráðherra er stefnt að því að 60% allra nemenda í framhaldsskóla ljúki námi á tilsettum tíma, það er að segja innan fjögurra ára (mennta- og menningamálaráðuneyti, 2014). Iðulega er talað um brottfall úr skóla en oftast er eðlilegra að ræða frekar hve margir hafa lokið tilteknu skólastigi að mati sérfræðinga í menntamálum. Það er orðin þekkt stærð sem lítið breytist frá ári til árs að um 20% af 35-39 ára einstaklingum hafa ekki lokið þeim prófum úr framhaldsskóla sem almennt er miðað við (Jón Torfi Jónasson, 2013). Með þessar upplýsingar að leiðarljósi má segja að efling fullorðinsfræðslu eigi vel við og að skoða þyrfti aldursbilið sem einstaklingar fara í fullorðinsfræðslu. Í framhaldi af því mætti svo móta stefnu í von um að lækka aldur þeirra sem sækja fullorðinsfræðslu.

Fólk sem fer í fullorðinsfræðslu tekst á við námið með öðrum hætti en þegar það var á framhaldsskólaaldri. Það nýtir atvinnureynslu sína til námsins og hefur skýrari mynd af markmiðum sínum og hvað þarf að leggja á sig til að ná þeim. Fólk er tilbúnara til að ögra sjálfu sér í námi og gefst ekki jafn auðveldlega upp (Gestur Guðmundsson og Hulda Karen Ólafsdóttir, 2013).

Í kjölfar efnhagshrunsins árið 2008 fylgdi talsvert atvinnuleysi. Sá hópur sem var berskjaldaðastur var minnst menntaði hópurinn, þ.e. stærsti hópur atvinnulausra voru þeir sem ekki höfðu lokið grunnskólaprófi og má því segja að sterk tengsl séu á milli menntunar og atvinnuleysis (Jón Torfi Jónasson, 2013). Ljóst er að einstaklingar með formlega menntun áttu betri möguleika í atvinnuleysinu sem fylgdi í kjölfar kreppunnar. En reynt var að sjá til þess að tækifæri til menntunar fyrir þá sem urðu atvinnulausir jukust við aðstæðurnar í samfélaginu þar sem aukin eftirspurn varð eftir fullorðinsfræðslu (Jón Torfi Jónasson, 2013).

Þegar lítið er til ástæðna þess að fólk snýr aftur til náms á fullorðinsárum kemur í ljós að almenna skólakerfið hentar ekki öllum. Í grein Gests Guðmundssonar og Huldu Karenar Ólafsdóttur (2013) er bent á að allt að helmingur brottfallsnema hafi snúið aftur til náms seinna á lífsleiðinni þar sem sá hópur hafi ekki talið sig tilbúinn í

framhaldsskólanám strax að loknu grunnskólanámi. Þátttaka þeirra á atvinnumarkaði hafi smám saman byggt upp hvata til náms. Greinin er ábending um að bein leið í gegnum skólakerfið að próflokum á framhaldsskólastigi henti ekki öllum og því beri að huga að hlutverki fullorðinsfræðslunnar. Benda má á að hlutfall þeirra sem útskrifast með framhaldsskólamenntun síðar á lífsleiðinni er hátt héraðs ef miðað er við önnur lönd.

„Í tuttugu ár<sup>1</sup> óx ekki bara umræða um brotthvarf heldur var líka margt reynt til að draga úr því, en án árangurs. Hins vegar var minna um það rætt hve endurkoma gamalla brotthvarfsnema reyndist mikil, en það var kannski mikilsverðasti árangur þessa tímabils. Því er rík ástæða til að áréttta að breytingar framhaldsskólans á næstu misserum verði ekki til þess að skerða endurkomumöguleika þeirra sem ekki „finna sig“ í nýjum framhaldsskóla eða hafa ekki fundið sig í þeim gamla. Hátt endurkomuhlutfall í framhaldsskólanám hefur verið lítt sýnilegt en er eitt helsta ævintýrið í íslenski menntaþróun síðustu áratugi.“

(Gestur Guðmundsson og Hulda Karen Ólafsdóttir, 2013:17).

#### 4.1 Mikilvægi raunfærnimats

Með tilkomu raunfærnimats var hægt að meta hæfni fólks til ýmissa verka og þar með staðsetja það inn í menntakerfið að nýju eftir reynslu á vinnumarkaði. Meginniðurstöður Gunnars E. Finnbogasonar (2009) í grein um raunfærnimat eru þær að með aukinni áherslu á raunfærnimat þurfi menntastofnanir og fyrirtæki að skilgreina nákvæmar hvaða kröfur um hæfni séu gerðar til að geta stundað ákveðin störf og hvaða skilyrði séu sett til að geta stundað ákveðið nám. Raunfærnimat hafi fyrst og fremst verið sniðið að þörfum fullorðins fólks og á það bæði við um menntastofnanir og atvinnulífið. Í samfélagi sem stöðugt er að breytast og á tímum hnattvæðingar er áriðandi að einnig verði þróaðar aðferðir til að meta raunfærni hjá ungu fólki. Mikilvægt er fyrir einstakling að geta fengið vitneskju um hvað hann kann við ákveðin tímamót á námsferlinum til að vera betur í stakk búinn að velja starf eða áframhaldandi nám. Þetta er ekki síst mikilvægt þar sem ungt fólk aflar sér í auknum mæli þekkingar og hæfni á öðrum stöðum en í formlegum menntastofnunum. Niðurstöður rannsóknar Auðar Sigurðardóttur (2010) á raunfærnimati sýndu að námsörðugleikar, persónulegir erfiðleikar og skortur á stuðningi voru helstu ástæður

<sup>1</sup> hér er miðað við tímabilið milli setningar framhaldsskólalaga 1988 og 2008

Þess að þátttakendurnir flosnuðu upp úr skóla og áttu í erfiðleikum með að hefja nám að nýju. Helstu hindranir á vegi þeirra við að hefja nám að nýju voru öðru fremur lítil trú á eigin getu og ótti við að mistakast enn og aftur í námi. Löngunin til að klára námið og fá starfsréttindi voru helstu ástæður þess að þátttakendurnir fóru í raunfærnimat í þeirri iðngrein sem þeir höfðu unnið lengi í. Stuðningur náms- og starfsráðgjafa í raunfærnimatsferlinu virðist skipta sköpum fyrir þennan hóp sem og hópstuðningur jafningja og hefur hann úrslitaáhrif á að einstaklingarnir hefja nám að nýju. Einnig kom í ljós að þátttaka í raunfærnimati gefur einstaklingum með litla formlega menntun aukna möguleika á að hefja nám á nýjan leik og skiptir þátttakan miklu máli fyrir sjálfsmýnd þeirra. Samvinna fræðslustofnana og framhaldsskóla sýndi sig í þessari könnun að verði að vera meiri til að tryggja eftirfylgni og áframhaldandi stuðning náms- og starfsráðgjafa við nemendur þegar í framhaldsskóla er komið. Rannsókn Sólveigar Kristinsdóttur (2013) á raunfærnimati sem nýtt er til að skoða hæfni fólks gefur til kynna að það sé hvetjandi til færniuppbyggingar, ýti undir starfsþróun og eflir sjálfstraust þeirra sem taka þátt. Þeir sem tóku þátt í rannsókninni höfðu ekki lokið framhaldsskólanámi og unnu í fjármálafyrirtæjum án þess að hafa tekið ígrundaða ákvörðun um að vilja starfa þar. Þátttaka einstaklinga í raunfærnimatinu gaf auka möguleika á því að hefja nám að nýju með stuðningi náms- og starfsráðgjafa og gefur því niðurstaðan til kynna að raunfærnimatið sé hagnýtt úrræði sem ber að nýta fyrir einstaklinga sem ekki hafa lokið framhaldsskólanámi. Ef horft er á notkun raunfærnimats í alþjóðlegu samhengi er mikilvægt að gera sér grein fyrir að það er notað í mismunandi merkingu. Gerður er greinarmunur á raunfærnimati hvað varðar mat á fyrra námi og hæfni þegar sótt er um framhaldsskólanám (Gunnar J. Finnbogason, 2009). Gerður er greinarmunur á því að fá aðgang að námi og að fá fyrra nám metið til styttingar. Raunfærnimat getur því bæði opnað leið að námi sem viðkomandi hafði ekki aðgang að áður eða stytt það þar sem hluti af fyrra námi er metinn sem hluti af framhaldsskólanáminu (Gunnar E. Finnbogason, 2009).

## 5 MARKMIÐ OG FRAMKVÆMD

Markmið rannsóknarinnar var að skoða þátttöku í námi á fullorðinsárum, til að fá fram hagnýtar upplýsingar sem nýtast í markvissu starfi í þágu fólks sem hefur ekki lokið námi á framhaldsskólastigi. Til að ná fram markmiðum rannsóknarinnar var notuð eigindleg rannsóknaraðferð. Í rýnihópunum var fólk með mismunandi bakgrunn og reynslu. Þessi leið var valin til að öðlast dýpri skilning á viðhorfum og þörfum fólks og nýta þetta til frekari eflingar á fullorðinsfræðslunni. Rýnihóparnir voru sjö talsins og tóku 42 einstaklingar þátt í þeim. Í rýnihópaviðtölum var rætt við bæði kynin (15 karla og 27 konur) og áhersla lögð á eins jafna aldursdreifingu í hópunum og hægt var (frá 20 ára til 62 ára). Megináhersla var lögð á að fá álit þátttakenda á aðgengi að fullorðinsfræðslunni, ástæður fyrir því að þeir hættu í námi á sínum tíma og ástæður þess að þeir snéru aftur til náms þegar það átti við. Út frá þessum áherslum er ætlunin að skoða hvernig enn frekar er hægt að mæta þörfum þátttakenda þegar kemur til fullorðinsfræðslu.

Þátttakendur í rýnihópunum voru ýmist fólk sem lagði stund á endurmenntun, fólk sem hafði ekki hug á því en var í starfi, auk hóps af fólki sem var í atvinnuleit. Auk þess var settur saman rýnihópur af náms- og starfsráðgjöfum sem ráðleggja þessum hópum um tækifæri til menntunar. Viðtölin fóru fram í Reykjavík, á Akureyri, á Selfossi og á Suðurnesjunum til að fá frekari vídd í álit viðmælenda á viðfangsefninu. Tekin voru tvö rýnihópaviðtöl á vinnustöðum fólks, eitt hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og fjögur í fundarherbergjum í Reykjavík, á Akureyri og á Selfossi. Sex til átta þátttakendur voru boðaðir í hvert viðtal og komu á bilinu fimm til átta þátttakendur í hvert þeirra til að ræða sína sýn á menntun út frá eigin reynslu. Öll viðtölin voru tekin af sömu tveimur spýrlunum. Viðtölin tóku á bilinu 45 til 65 mínútur.

Einnig stóð til að gera meginlegga rannsókn, annars vegar meðal fólks sem var í námi í fullorðisfræðslu og hins vegar meðal fólks sem er ekki að sækja sér aukna menntun. Á sama tíma fékk Fræðslumiðstöð atvinnulífsins Capacent til að framkvæma meginlegga rannsókn meðal nemenda sem höfðu lokið eða voru í námi í fullorðinsfræðslu. Þar af leiðandi var fallið frá meginlegum könnunum á vegum

Menntavísindastofnun á þessu stigi. Þess í stað voru niðurstöður könnunar Capacent sem gerð var fyrir Fræðslumiðstöð atvinnulífsins í mars 2014 settar í samhengi við niðurstöður rýnihópa þegar það átti við. Þátttakendur í netkönnun voru 1989 og svarhlutfall var 955 eða 48% af úrtakinu. Hópurinn sem var í fókus í þessari könnun voru þeir sem höfðu nýtt sér þjónustu fullorðinsfræðslukerfisins. Spurningarnar sem lagðar voru fyrir tengdust námskeiðum, ráðgjöf og raunfærnimati. Yfir helmingur aðspurðra voru í starfi þegar sótt var í nám hjá fullorðinsfræðslunni. Í umræðuköflun um rýnihópa höfum við fléttað saman helstu þræðum úr þessari könnun við niðurstöður úr rýnihópum þegar það á við.

### 5.1 Lýsing á rýnihópum

**Virkir í fullorðinsfræðslu:** Tekin voru viðtöl við þrjá hópa sem voru virkir í fullorðinsfræðslu það er að segja tóku þátt í námskeiðum á vegum símenntunarmiðstöðva. Viðmælendur í þessum þremur hópum voru allir virkir í fullorðinsfræðslu þegar viðtalið fór fram. Þátttakenda var aflað í samráði við símenntunarmiðstöðvar víðs vegar um landið sem meðal annars sjá um fullorðinsfræðsluna. Reynt var að hafa sem mesta breidd í námsleiðum þegar þátttakendur voru valdir til þess að fanga breytileg sjónarhorn og mismunandi upplifun fólks.

Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, **Símey**, sér um Norðurland og er staðsett á Akureyri útvegaði aðgengi að hóp sem var í starfsnámi sem nefnist Námskeið í málmsuðu. Í lýsingu segir: „Nemandi sem hefur lokið smiðju í málmsuðu er fær um að sjóða samkvæmt verklýsingum og hefur þekkingu til að vinna sjálfstætt eftir suðuferilslýsingu“ (Símey, 2014). Námskeiðið var kennt í 80 klst. samtals.

Opin smiðja í málmsuðu var haldin af Símenntunarstöð Eyjafjarðar, Símeý. Rýnihópur með nemendum í því námi hittist í fundarherbergi á veitingahúsinu Bautanum þann 11. febrúar 2014. Fimm einstaklingar voru boðaðir og mættu fjórir, allt karlmenn á aldrinum 25 til 55 ára. Þátttakendum var boðið upp á léttan hádegisverð. Flestir þátttakendur höfðu ekki lokið framhaldsskólanámi, en einn þátttakenda hafði farið í framhaldsskólanám einhverjum árum seinna og því næst í Háskólann á Bifröst og



lokið námi, en ákvað að sækja þetta námskeið vegna áhuga. Þátttakendur höfðu ekki áhuga á bóklegu framhaldsskólanámi, en voru mjög áhugasamir um námskeiðið sem þeir voru að ljúka og höfðu áhuga á fleiri námskeiðum af svipuðum toga.

**Símenntunarstöð Suðurlands** heitir Fræðslunet Suðurlands og var starfsfólk þess okkur innan handar við að setja saman hóp fólks sem stundar nám við Leikskólabrú og Stuðningsfulltrúabréu annars vegar og hins vegar Félagsliðabréu. Nám þetta er byggt upp til að efla ómenntaða starfsmenn á leikskólum, skólum og hjúkrunarheimilum samkvæmt lýsingu frá Fræðslunetinu (Fræðslunet, 2014). Námið tekur 230 klst. Hópurinn sem rætt var við, var blandaður úr þessum tveimur námsleiðum.

Rýnihópurinn hittist í afmörkuðu rými á Hótel Selfossi þann 6. febrúar 2014. Einungis konur samþykktu að mæta í viðtalið og voru átta einstaklingar boðaðir og mættu sjö þeirra á aldrinum 28 til 62 ára. Einn þátttakandi tilkynnti sig veikan. Þátttakendum var boðið upp á léttan hádegisverð. Í þessum hópi höfðu flestar yngri konurnar byrjað í námi á framhaldsskólastigi en hætt í náminu áður þær luku því. Tveir af þátttakendum voru að auki í námi í framhaldsskóla til að safna einingum til stúdentsprófs. Aðrir þátttakendur höfðu tekið þátt í ýmsum námskeiðum en þó mismörgum. Aldursdreifingin var mikil meðal þátttakenda í hópnum og voru yngri þátttakendur áhugasamari um aukna menntun en þeir sem eldri voru.

Þá var einnig stefnt að því að ná saman hópi af fólki sem hafði sótt námskeið hjá símenntunarstöðvum er nefnist „Skref til sjálfshjálpar“ en ekki reyndist unnt að ná í einstaklinga í slíkan hóp þar sem hvorki náðist í hóp sem lokið hafði slíku námskeiði né náðist upp í tilskilinn fjölda til að halda slíkt námskeið á tímabilinu. Því var fallið frá því að reyna frekar við þann hóp.

**Mímír-símenntun** í Reykjavík aðstoðaði við aðgengi að hópi sem stundaði nám í Menntastoðum. Í lýsingu á náminu segir að Menntastoðir sé krefjandi nám fyrir 23 ára og eldri og sé 660 klst að lengd. Nemendur sem ljúka námi í Menntastoðum komast í undirbúningsdeildir háskólanna (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, 2014). Þátttakendur í þessum rýnihópi höfðu verið í námi, í þó nokkurn tíma en á misjöfnum

hraða, þar sem val er um það hve hratt er hægt að ljúka náminu. Rýnihópaviðtalið fór fram í fundarrými á veitingahúsinu Pottinum og pönnunni, þann 28. janúar 2014. Átta einstaklingar voru boðaðir og mættu þeir allir, fimm konur og þrjú karlmenn á aldrinum 21 árs til 54 ára. Þátttakendum var boðið upp á léttan hádegisverð.

Í þessum hópi hafði enginn lokið námi á framhaldsskólastigi en nokkrir af þátttakendum höfðu hafið nám en hætt. Þrjú þátttakenda voru í atvinnuleit og einn á endurhæfingarlífeyri. Hinir fjórir þátttakendurnir voru að finna sér leið til aukinnar menntunar þar sem þeim fannst þeir hafa staðnað í starfi sínu og ekki komast lengra án aukinnar menntunar. Allir þátttakendur voru mjög áhugasamir um námið og stefndu að háskólanámi.

**Starfsmenn án menntunar:** Rýnihópaviðtöl voru tekin við tvo hópa sem ekki eru virkir í fullorðinsfræðslu og starfa við ýmis verkamannastörf á tveimur starfsstöðum, annars vegar í Reykjavík og hins vegar á Suðurnesjum. Ákveðið var að leita til starfsstaðanna í þeim tilgangi að finna starfsfólk sem ekki hefur leitað eftir því að fara í fullorðinsfræðslu eða eftir annars konar námi. Hópar voru settir upp í samstarfi við starfsmannastjóra starfsstaðanna, en þegar rýnihópar voru framkvæmdir kom i ljós að hluti starfsmanna hafði þegar sótt námskeið en þó annars staðar en í fullorðinsfræðslunni. Tilgangur með viðtölunum var að fá sýn þeirra á fullorðinsfræðsluna og stöðu þeirra sjálfra á vinnumarkaði sem einstaklingar með enga formlega menntun. Farið var á tvo starfsstaði: framleiðslufyrirtæki í Reykjavík og þjónustufyrirtæki á Suðurnesjum. Á þessum starfsstöðum voru boðaðir 5 til 6 manns á hvorum stað fyrir sig.

**Framleiðslufyrirtæki í Reykjavík:** Þátttakendur voru boðaðir í rýnihóp á starfsstað sínum þann 6. mars 2014. Sex voru boðaðir og mættu þeir allir, þrjár konur og þrjú karlmenn á aldrinum 23 til 50 ára. Þátttakendum var boðið upp á léttan hádegisverð. Flestir þátttakendur í hópnum luku ekki framhaldsskólaprófi en einn lauk tveggja ára verslunarprófi. Nokkrir þátttakendur í hópnum höfðu sótt sér ýmis konar námskeið eins og áður sagði en tölvuskólar voru meðal annars nefndir í því sambandi.

**Þjónustufyrirtæki á Suðurnesjum:** Rýnihópur kom saman í fundarherbergi á Hótel Keflavík þann 4. mars 2014. Fimm voru boðaðir og mættu fjórir, þrjár konur og einn karlmaður á aldrinum 20 til 28 ára. Tveir þátttakenda höfðu hafið framhaldsskólanám en luku því ekki, einn þátttakandi hafði lokið stúdentsprófi og einn þátttakandi hafði aldrei hafið framhaldsskólanám og hafði ekki hug á að gera það í framtíðinni. Sá einstaklingur sem hafði lokið stúdentsprófi, hafði hafið nám við Háskóla Íslands en hætt. Tveir einstaklingar í hópnum voru haldnir miklum kvíða sem hafði haft mikil áhrif á skólagöngu þeirra. Annar þeirra hafði lokið námskeiðinu „Samvinna“ hjá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS) en vildi ekki halda áfram þrátt fyrir að vera hvattur til að fara í Menntastoðir.

**Náms- og starfsráðgjafar:** Fræðslumiðstöð atvinnulífsins heldur árlegan fræðslufund með náms- og starfsráðgjöfum. Í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins var myndaður rýnihópur með þátttakendum á þessum fundi til að fá álit fagfólks á núverandi stöðu og á því hvaða þættir eru mikilvægir varðandi framtíðarsýn fullorðinsfræðslunnar. Átta náms- og starfsráðgjafar sem starfa við símenntunarmiðstöðvar víðs vegar um landið tóku þátt og voru sjö konur og einn karlmaður í þeim hóp. Viðtalið fór fram þann 10. febrúar 2014.

**Einstaklingar í atvinnuleit:** Ákveðið var að víkka út upprunalegt markmið með gagnaöflun þessari og bæta við tveimur rýnihópum til viðbótar. Báðir þessir hópar yrðu samansettir af fólki sem eru í atvinnuleit. Annar hópurinn með þátttakendum af fólki sem er á skrá hjá Vinnumálastofnun en hinn hópurinn með fólki komið út úr því kerfi þar sem hámarkstími til að vera á bótum hjá Vinnumálastofnun er tvö ár. Seinni hópurinn væri því styrktur af því sveitarfélagi sem viðkomandi býr í. Fyrri hópurinn var auðvelt að nálgast með aðstoð Vinnumálastofnunar, en seinni hópurinn var erfitt að nálgast vegna sveitastjórnakosninga og breytinga í kjölfarið.

**Vinnumálastofnun:** Átta einstaklingar höfðu skráð sig til þátttöku í rýnihóp en aðeins fimm mættu þegar viðtalið átti sér stað. Hópurinn samanstóð af þremur

karlmönnum og tveimur konum. Viðtalið fór fram í fundarherbergi á veitingarstaðnum Pottinum og pönnuni í Reykjavík, þriðjudaginn 3. júní 2014. Boðið var upp á léttan hádegisverð. Þátttakendur höfðu verið mislengi í atvinnuleit og voru á aldrinum 36 til 50 ára. Þrír þátttakenda voru með fjölskyldur á framfæri, einn aðili var fráskilinn með þrjú börn á framfæri og einn var einhleypur.

## 6 HELSTU ÞÆTTIR ÚR RÝNIHÓPUM

Í þessum kafla verður farið yfir helstu niðurstöður allra rýnihópanna auk helstu þátta úr könnun Capacents, en efni er kaflaskipt eftir umfjöllunarefni og í röð hópanna sem svara þeim.

### 6.1 SÝNILEIKI OG FRAMBOÐ FULLORÐINSFRÆÐSLU

Þegar rætt var við þátttakendur um sýnileika fullorðinsfræðslunar komu eftirfarandi þættir í ljós: Að mati náms- og starfsráðgjafa hefur fullorðinsfræðslan verið að festast meira í sessi, en að það taki tíma. Í umræðu í þeirra hópi um sýnileika og vitund fólks um starfsemi á vegum símenntunarmiðstöðva kom fram að starfsemin sé mismikil og fari svolítið eftir sýnileika og stærð stöðvanna. Á einum stað úti á landi þar sem margir starfsmenn starfa við símenntunarárstöðina er sýnileikinn góður, en þegar kemur að smærri þorpum og dreifðari byggðum segja þátttakendur litla vitneskju vera til staðar um starfsemina. Víðs vegar virðist ákveðin þörf á að kynna starfsemina, til dæmis með því að heimsækja starfsstaði og kynna þær leiðir sem eru í boði.

Þátttakendur í Opinni smiðju á Akureyri töldu að óvenju mikið framboð væri á námi fyrir þau þar og væri jafnvel ekkert síðra en fyrir sunnan. Þátttakendur voru allir sammála um að framboð á verklegum greinum í fullorðinsfræðslu væri ekki nægilega mikið. Þá fundu þeir fyrir því að ýtt væri við þeim á vegum símenntunarmiðstöðva þegar kæmi að námi og einnig væri „maður á mann aðferðin“ góð til að koma fólki af stað og virkaði vel á svona litlu svæði. Flestir sáu þeir námskeiðið auglýst í bæjarblaðinu en einn sagðist kannast við kennarann sem lét hann vita því hann vissi af áhuga viðkomandi.

Flestir í starfsnámi í Félagsliða- og leikskólabrú á Suðurlandi voru meðvitaðir um að námskeið væru auglýst í bæjarblaðinu og að auðvelt væri að nálgast bæklinga með upplýsingum. Þeir sem höfðu sótt námskeið áður fengu póst frá verkefnisstjóra fullorðinsfræðslunnar, einnig höfðu starfsstaðir verið heimsóttir og upplýsingar hengdar upp á kaffistofum í kjölfarið. Talað var við yfirmenn og þeir hvattir til að hvetja starfsfólk sitt til að mennta sig meira, en viðhorf yfirmanna virðist vera mjög

mismunandi. Hópurinn var sammála um að áhrifaríkast væri að kynna námið á vinnustöðum. Þar væri þá hægt að spyrjast fyrir á staðnum og líklegra að fólk væri meðvitaðra um tækifærin sem því bjóðast.

Í hóp Menntastoðar í Reykjavík sögðust þátttakendur hafa frétt af náminu í gegnum vini og kunningja eða að þeir hafi verið að leita að einhverju námi og fundið upplýsingar um Menntastoðir í kjölfarið, ýmist á netinu eða í gegnum aðra miðla. Einn hafði heyrt af náminu í gegnum Keili. Annar aðili hafði heyrt mikið af útvarpsauglýsingum um námið: „Það ætti að vera jafn sjálfsagt að vita af Mími og Menntastoðum og þarna hvað heitir það MSS eða eitthvað svoléiðis á Suðurnesjum eins og bara um framhaldsskóla. Að þetta sé bara ákveðin námsleið fyrir fólk í landinu“.

Í viðtölum við náms- og starfsráðgjafa kom fram að þeir ættu oft erfitt með að leiðbeina fólki um nám sem kannski hentar þeim betur en er ekki hluti af þörfum atvinnulífsins, sér í lagi út á landi þar sem vinnumarkaðurinn er oft einsleitur. Einnig getur verið erfitt að benda á nám sem er ekki kennt í nálægð við heimili fólks, þar sem slíkt getur bæði reynst kostnaðarsamt og tímafrekt fyrir viðkomandi nemanda. Náms- og starfsráðgjafar bentu á að það eru margar iðngreinar sem eru ekki í boði. Einnig kom fram hjá þátttakendum í Opinni smiðju í málmsuðu á Akureyri að of fáir hefðu komist á námskeiðið og fólk hefði verið á biðlistum. Einnig töldu þátttakendur í smiðjunni að námskeiðið ætti að vera oft og gott væri jafnvel að bæta við léttum bílaviðgerðum. Einn viðmælandi í starfsnámi í Félagsliða- og leikskólabrú á Suðurlandi tjáði sig um að hann ætlaði að ræða við verkefnisstjóra og biðja hann um að setja upp félagsliðanámskeið næst: „Ég er byrjuð að hugsa um framhaldsskólanám, ég ætla að hvetja [starfsmann] til að vera með félagsliðanámi hér á Suðurlandi hjá okkur“.

Tilfinning námsráðgjafa var að þegar einn klárar nám, er næsti líklegri til að fara í nám, að það verði ákveðin margföldunaráhrif eftir því sem fleiri koma í fullorðinsfræðsluna. „Ég held að eftir því sem fullorðinsfræðslan verður meira sýnileg, þeim mun fleiri koma, en þessi fyrstu skref eru svolítið erfið“. Þátttakendur í opinni smiðju töldu áhrifamest að heimsækja og virkja starfsstaði til að nálgast fólk

sem gæti viljað koma í fullorðinsfræðslu. Námsráðgjafar ræddu einnig um tískusveiflur inn í námsáhuga nemenda í framhaldsskólum. Þannig virðist stundum nokkurs konar hjarðhegðun hafa áhrif á val ungmenna á námsleiðum og nefndu sem dæmi að margir væru að velja sér framhaldsnám eftir framhaldsskóla í greinum sem ekki þörf er á á vinnumarkaði. Erfitt sé að stýra vali ungmennanna.

Viðmælanda sem var í Opinni smiðju á Akureyri var boðið á námskeiðið vegna þess að hann var á bótum (í atvinnuleit). Annar hafði áhuga á starfsnáminu og þegar tækifærið bauðst ákvað hann að slá til. „Ég er búinn að rafsjóða mjög mikið og gengið vel með það en til dæmis eins og þarna þetta eru alveg spes vélar, ég kunni ekki einu sinni að tengja þær“. Allir voru sammála um að námið væri mjög ódýrt og slíkt væri kostur. Einn með mikla reynslu af suðu taldi þetta námskeið gefa sér mikla möguleika og bæta verulega við hæfnina eins og viðkomandi orðaði það: „klárlega eykur þetta atvinnumöguleika“. Einn viðmælanda talaði um einföldun námskerfisins í framhaldsskóla þannig að námsgreinar eins og danska væru ekki endilega skylda fyrir alla sem hafa áhuga á að halda áfram í skóla að lokinni skólaskyldu. Þegar upptöku var lokið voru viðmælendur sammála um það að mikilvægt væri að bjóða upp á grunndeildir málmiðnaðar og rafiðnaðar fyrir fullorðna. Viðmælendur lýstu yfir áhuga sínum á að leggja stund á það nám en ekki ef þeir þyrftu að sitja á skólabeck með mikið yngra fólki.

Viðmælendur í Menntastofnum í Reykjavík höfðu á orði að þeir væru hissa á að námsleiðin væri ekki meira kynnt fyrir fólki. Annar hafði orð á því að hafa séð mikið af auglýsingum frá Mími en aðallega svona námskeiðum í tungumálum og þess háttar, en fullorðinsfræðslan væri ekki sýnileg sem ákveðin námsleið fyrir þá sem vilja komast í nám: „Maður hefur séð í blöðum jú, frá Mími. Fyrst koma svona námskeið svona tungumál og svoleiðis og svo kemur þetta svona fullorðinsfræðsla inní, en bara lítið“. Viðmælendum fannst að áherslan hjá Mími væri á tungumálanámskeiðin frekar en að fara aftur í nám. Að mati þeirra væri kannski ein leið að breyta þessum áherslum. Þá var rætt um innan hópsins að flestir vissu af Keili en vandinn var í upphafi hvernig ætti að safna einingum til að komast inn þar. Hópurinn ræddi einnig um heitið „fullorðinsfræðsla“ sem gæti virkað fráhrindandi og

vildu viðmælendur frekar leggja áherslu á orðavalið „aftur í nám“ eða „endurmenntun“ eða önnur meira hvetjandi heiti á athöfninni að taka upp framhaldsskólanám seinna í lífinu.

Þegar atvinnuleitendur í viðtalshópunum voru spurðir um upplýsingagjöf til þeirra um nám þegar þau skráðu sig hjá Vinnumálastofnun kom fram að flestir töldu að upplýsingagjöfin gæti verið betri. Atvinnuleitendur í Opinni smiðju á Akureyri höfðu eftirfarandi að segja : „Maður þarf að leggja sig mikið fram til þess að fá upplýsingar“. Annar sagði: “Mér finnst það ágætt. Allavega það sem ég hef verið að kynna mér það hefur verið sett vel fram, vel kynnt“. Atvinnuleitendur sem sóttu nám í Menntastoðum í Reykjavík, höfðu einnig þurft að leita eftir því að komast í nám í gegnum Vinnumálastofnun. Annar viðmælandi lýsti reynslu sinni af Vinnumálastofnun á eftirfarandi hátt: „Mér var ekkert sagt sérstaklega frá þessu fyrr en ég byrjaði að spyrja út í þetta. Ég spurði hvort ég gæti farið í nám hjá þeim og mér var sagt að ég gæti bara farið í fjarnám en svo ... hálfu ári seinna þá var sagt, já þú getur farið í fullt nám, farðu yfir í Mími og talaðu við þá“. Í þessum orðum gæti legið að bæta þyrfti upplýsingastreymi, enda voru viðbrögð eins viðmælanda: „jæja, búinn að eyða þessum tíma í ekki neitt“.

Viðmælendur höfðu einnig hugleiðingar um hvernig Vinnumálastofnun gæti jafnvel unnið betur með menntunarþáttinn og skjólstaðinga sína. Viðmælandi í Opinni smiðju á Akureyri sagði: „það kannski vantar að greina hvern og einn einstakling, hvað hann langar og hvað gæti hentað“. Að mati þessa viðmælanda mættu þeir hjá Vinnumálastofnun vera svolítið virkari í því „en auðvitað stendur þetta á mann sjálfan að bjarga sér með þetta“. Vandí er kannski líka að námskeiðin byrja öll síðla sumars eða eftir áramót „og þú getur ekki stungið þér inn einhvers staðar“ og þú þarft að vera búin að vera á bótum í þrjá mánuði áður en menntaleiðir opnast fyrir atvinnuleitendur. Viðmælandi sagði einnig: „Ef það væri hægt að koma því við að vera með [námskeiðið] á tveggja mánaða fresti, þess vegna allan ársins hring, þá myndi miklu stærri fjöldi fara á námskeið“. Hugmynd sem kom fram í viðræðum við þátttakendur í Menntastoðum í Reykjavík var að Vinnumálastofnun myndi kynna



námsleiðir í fullorðinsfræðslu fyrir skjólstæðingum sínum, jafnvel gera það á skyldufundunum sem allir þurfa að fara á.

Í könnun Capacent fyrir Fræðslumiðstöð atvinnulífsins kemur fram að um þriðjungur aðspurðra hafði séð kynningarefni um ráðgjöf og þriðjungur hafði fengið upplýsingar hjá Vinnumálastofnun en í minnihluta voru þeir sem höfðu fengið kynningu á starfsstað eða hjá stéttarfélagi eða rúm 10%.

## **6.2 ÁSTÆÐUR FYRIR BROTTFALLI ÚR FORMLEGU NÁMI**

Þegar við snúum okkur að hópunum sem hafa ekki valið að sækja sér aukna menntun komu eftirfarandi þættir fram þegar þátttakendur voru spurðir um ástæður þess að þeir hafi hætt í formlegu námi á sínum tíma: Hópur á starfsstað í Reykjavík taldi misjafnar ástæður fyrir því. Algengasta skýringin var þó áhugaleysi eins og einn aðili lýsir því: „hafði bara engan áhuga á því“. Tveir sögðu barneignir hafa haft áhrif á framvindu mála varðandi nám: „Ég er fjölskyldumaður,... svolítið erfitt að finna tíma ..., en samt hef ég rosalega mikinn áhuga á að læra, það er alltaf spurning með tímann“. Annar hafði veikt af einkirningasótt og hafði ekki fengið skilning innan skólakerfisins. Hann segir söguna á þennan veg: „ég fékk í rauninni ekkert breik frá kennaranum, þú veist það var búið að vera próf og eitthvað það var nú svona símat í gangi og voru þessi próf mín lægsta einkunn. Mér fannst það svona svolítið „unfair“ og var bitur út í lífið og hætti bara“. Aðrir töldu til fjölskylduaðstæður, erfiðleika við að sitja við í 80 mínútur og hlusta þó að pásur væru í boði á milli tíma. Á starfsstað á Suðurnesjum var algengasta skýringin á að klára ekki fjölbrautarskóla veruleg kvíðavandmál. Talað var um að kvíði við að vera í hóp og í tímum með mismunandi fólki hafi háð þeim verulega og á endanum orðið til þess að þeir hættu. Annar þessara aðila lýsir kvíðanum á þennan veg: „Já mér finnst ég bara vera eins og ég sé bara vitlaus ég get til dæmis ekki farið upp og talað. Ég bara get það ekki og það er ekkert komist til móts við mann“. Annar viðmælandi í hópnum sagðist aldrei hafa ætlað sér í framhaldsskóla og einfaldlega ekki haft áhuga á því þrátt fyrir að ganga ágætlega í grunnskóla en annar hafði klárað fjölbrautarskólann og verið ánægður. Viðkomandi sem hafði lokið framhaldsskólanámi hafði hafið nám í háskóla en hætt en hafði vilja til að fara aftur í nám, en fann sér ekki nám við hæfi.

Þegar viðmælendur sem ekki voru að leita sér leiða til aukinnar menntunar voru spurðir um ástæður þess að þeir sóttu ekki nám í fullorðinsfræðslu kom í ljós að tímaskortur var aðalástæðan. Einnig var rætt um kostnað við kvöldskóla (öldungadeild) sem væri skipt upp á einingar í stað eins gjalds eins og er í dagskólanum sem væri óréttlátt þar sem kostnaðurinn væri hár. Þá sé kvöldskólinn að byrja á þeim tímum sem fjölskyldan borði saman.

Þegar þau sem eru að sækja aukna menntun eru spurð um ástæður þess að þau flosnuðu upp úr námi á sínum tíma koma eftirfarandi hlutir fram: Einstaklingar í Opinni smiðju á Akureyri töldu áhugaleysi og stefnuleysi ástæðu þess að þeir flosnuðu frá námi á framhaldsskólaárum. Eins og einn viðmælandi sagði: „Þarna var maður búinn að fara á nokkrar vertíðar svo bara einhvern veginn flosnaðist þetta nám upp hjá manni“. Meðal þátttakenda í hópi sem var í starfsnámi í Félagsliða- og leikskólabrú á Suðurlandi var helsta ástæða þess að þau hættu í námi barneignir og áhugaleysi. Tvær úr hópnum höfðu þá haldið áfram hægt en örugglega og voru komnar langt í það að tryggja sér stúdentspróf. Önnur þeirra lýsir framhaldsskólagöngu sinni á þennan máta: „Ég hef verið svona mjatlandi í þessu frá því að ég útskrifaðist úr grunnskóla en var komin með rúmar 80 einingar á félagsfræðibraut og sjúkraliðabraut“. Reynsla eldri viðmælenda er ólík þeirra yngri: „Ég fór í húsmæðraskólann eftir grunnskóla eða gagnfræðapróf eins og það hét þá, svo hef ég verið á svona tölvunámskeiðum og enskunámskeiði bæði í fjölbraut og svona. Ég fór í pótskólann þegar ég vann í pósthúsinu það var svona nám sem var þá sem maður fór í og þar með er það upptalið“. Hér má sjá ólík tækifæri á mismunandi tímum þar sem um þrjú áratugir skilja að reynsluheim þessara einstaklinga þegar kemur að skólagöngu.

Meðal þátttakenda í Menntastofnum í Reykjavík var leiði og áhugaleysi nefndur sem ástæða brottfalls af hluta hóps. Einfaldara að fara að vinna og skortur á fjármagni töldu aðrir til sem ástæðu: „Mikið meira spennandi að fara út á vinnumarkaðinn, fá pening“. Annar einstaklingur sem hóf nám í iðngrein kláraði ekki vegna þess að hann sá engan hag í því að vera á nemalaunum þegar hann gat haft miklu hærra laun við að hætta á samningi og fara að vinna við fagið án þess að klára. Einnig var rætt um að

ekki hafi verið aðgengi að námsráðgjöfum í þá daga og að afleiðingar þess að hætta í náminu hefðu ekki verið kynntar fyrir nemendum nægilega vel til að forða þeim frá mistökunum að hætta (sérlega á síðasta hluta námsins). Þá var einnig nefnt að stundum þurfi fólk einfaldlega lengri tíma til að átta sig á því hvað það vill gera að starfi sínu. Í þessum hóp voru ungir einstaklingar sem flosnað höfðu upp úr skóla en þeir töldu sig ekki eiga afturkvæmt í framhaldsskólakerfið. „Ég er bara 21 árs og veit ekkert hvað ég ætla að verða, en mér finnst kannski upplifun mín núna einhvern veginn miklu yfirstíganlegri. Ég sá ekki fyrir mér að geta farið í nám og geta klárað það af því ég kláraði ekki grunnskóla. Svo hef ég bara ekki gert neitt svo lengi, sjálfstraustið var bara þannig að mér fannst ég einhvern veginn ekki...en svo bara kemur að þeim tímapunkti að þú færð bara nóg af því að vera að stefna ekki neitt. Þá var rosalega gott að fara í Grunnenntaskólann“.

Þegar rætt var við atvinnuleitendur á vegum Vinnumálastofnunar voru ástæður þess að þeir hættu í námi mismunandi. Lesblinda og erfiðleikar eru meðal þess sem viðmælendur nefndu: „hjá mér var það þannig að ég byrjaði nú að vinna strax eftir gagnfræðaskóla. Átti erfitt með skólagöngu því ég er með lesblindu á háu stigi og það truflaði mig mikið þannig það var ekkert annað í boði þá fannst mér“. Viðkomandi ræddi að á nokkurra ára bili hafi hann þó reynt að snúa aftur í nám: „skráði mig í Tækniskólann eða eitthvað... svolítið skrytið að vera búin að vinna allt sitt líf og standa svo uppi atvinnulaus og fá ekki vinnu. Búinn að vera með fullt af fólki í vinnu í gegnum árin meira og minna“. Veikindi í nærfjölskyldu er einnig talið upp sem ástæða: „Mamma var að berjast við krabbamein á þessum tíma og dó þegar ég var búin með um 2 annir í framhaldsskóla. Ég var svolítið „lost“ eftir þann tíma og flosnaði upp úr námi. Svo kynntist ég karlinum mínum og við fórum að vinna og ákváðum að kaupa okkur íbúð og eftir það einhvern veginn fór ég aldrei aftur. Svo núna finn ég að það er kominn rosaslegur hugur í mig að ... fara og læra eftir að hafa starfa í 10 ár á sama starfsstaðnum“. Svo ákvað viðkomandi að taka U beygju og skrá sig í skrifstofunám til að læra meira á tölvur, bókhald og að fá atvinnueiningar metnar upp í námið (raunfærnimat). Annar viðmælandi segir sína reynslu af barna- og gagnfræðaskóla miður góða. Skoðun hans var að skólakerfið hér væri ósveigjanlegt og hann fékk það á tilfinninguna að hann gæti ekki lært. Þegar hann var

21 árs lauk hann hluta af námi í Bandaríkjunum sem gaf honum trú á sjálfan sig og að hann gæti lært sem leiddi til þess að hann fékk nám sitt metið inn í Bifröst, en þar átti starfsreynslan stóran þátt. En þegar á leið fannst honum námið of mikið með vinnu.

Samkvæmt niðurstöðum könnunar Capacent höfðu um 20% þeirra sem tekið hafa þátt í fullorðinsfræðslunni hafið nám í framhaldsskóla á sínum tíma en hætt áður en framhaldsskóla lauk. Þá höfðu um 25% þegar lokið styttra námi frá framhaldsskóla eins og verslunarskólaprófi eða sambærilegu námi.

### **6.3 HVATAR TIL AÐ SÆKJA FULLORÐINSFRÆÐSLU**

Þegar rætt var við hópana um hvaða hvatar lægju að baki því að fólk sækti sér aukna menntun í gegnum fullorðinsfræðslu, komu eftirfarandi þættir í ljós: Náms- og starfsráðgjafar sögðu margvíslegar ástæður vera fyrir því að fólk hefji nám aftur, fullorðinsfræðslan skapi ný tækifæri og í dag sé eftirsóknarvert að vera vel menntaður. Eins og einn viðmælandi leggur áherslu á: „Raunfærnimatið hefur haft mikið að segja og ýtti mörgum af stað, að ... fá sína reynslu metna. Þannig fara margir sem ég hitti af stað og svo þetta líka einmitt að ná sér í einhver starfsréttindi og starfsöryggi“. Margföldunaráhrif séu einnig sterk ef einhver klárar nám hefur það áhrif á annan aðila sem sér að það er hægt að fara aftur af stað í nám þó ekki sé farið í gegnum hið hefðbundna menntakerfi.

Þegar sama spurning var lögð fyrir hópa sem voru að sækja sér þjónustu í gegnum fullorðinsfræðsluna kom í ljós að mikilvægir hvatar fyrir því að nýta sér hana voru að tryggja starfsöryggi sitt eða til að auka atvinnumöguleika sína. Að bæta við sig þekkingu, áhugi á efninu og að auka atvinnumöguleika eru allt þættir sem virka sem hvatar til að sækja námskeiðið að mati hóps í Opinni smiðju á Akureyri. Einn viðmælandi lýsir ástæðu fyrir endurkomu í nám á þennan máta: „ég skráði mig bara um leið og ég sá hverjir eru kennararnir. Þetta eru menn sem eru búnir að vinna mikið við þetta. Ef þú getur ekki lært af svona mönnum þá geturðu ekki lært af neinum, þú lærir aldrei að sjóða af kennara, þú lærir það af einhverjum sem vinnur við þetta“. Nemendur töluðu einnig um að það að missa úr tíma gengi ekki, það væri þétt unnið og ekki veitti af tímanum en þeir höfðu líka búist við því.

Þátttakendur í starfsnámi við Félagliða- og leikskólabrú á Suðurlandi töldu starfsöryggi felast í því að auka við sig menntun. Hluti hópsins ákvað að fara í þetta nám vegna þess að boðið var upp á það á staðnum. Slíkt sáu viðkomandi sem tækifæri því þá þurftu þau ekki að keyra langar vegalengdir til að sækja sér menntunina. Fram kom að einn starfsstaður hafði innanborðs yfirmann sem hvatti til náms, kynnti námið mjög vel og sýndi stuðning við þá sem í námið fóru, en viðmælendur töldu það afar jákvætt. Stuðningur og hvatning frá yfirmönnum var að mati viðmælenda í hópnum sterkur hvati og hjálpar við að taka ákvörðun um að fara í nám. Þátttakendur lýstu þessu á þennan veg: „hún [yfirmaður] vill helst hafa alla í skóla. Hún vill mennta sem mest á sínum starfsstað. Þannig að þegar þetta var auglýst þá fór hún til allra sem voru í náminu síðast og hvatti þá til að skrá sig, ætlið þið ekki að halda áfram, þið eruð svo flottar og duglegar“. Þá má benda á að margir aðilar innan þessa hóps voru fyrirfram meðvitaðir um námsleiðina en töldu hana áður ekki færa fyrir sig vegna fjarlægðar: „fyrir mig þá vissi ég af þessu námi og sótti um það í Borgarholtsskóla, fannst þetta sniðugt nám, eitthvað sem ég gæti hugsanlega komist yfir. En þá komst ég ekki að þannig að þegar ég sá þetta auglýst hér þá fannst mér þetta ekki spurning, aðallega til að hrista aðeins upp í sjálfum mér“. Viðkomandi sagðist vita að slíkt myndi ekki gefa henni einhverjar fjárfúlgur en kannski hækka laun um einn launaflokk.

Hluti af einstaklingum í Menntastöðum í Reykjavík sagði að hvatinn fyrir að þau hófu nám væri að þau væru komin á endastöð í starfsferli og þau þyrftu að bæta við sig menntun til að komast áfram atvinnulega séð. Einn aðili orðaði það á þennan máta: „Ég fékk alveg uppí kok á því að vera svona fiðrildið á vinnumarkaðnum og vinna miklu meira heldur en maður fékk í laun. Maður er bara eitt af þessum peðum þarna úti, ekki talinn vera einstakur á vinnumarkaði“. Þá kom einnig fram að viðmælendum þótti krafa samfélagsins til menntunar hafa aukist. Hærri laun voru einnig nefnd hvati til að læra meira. Einn viðmælenda í hópnum sagði frá reynslu sinni eftir að hafa unnið í Englandi hvernig fyrirtækið þar hvatti starfsmenn sína. Sá aðili lýsir reynslu sinni á þennan máta: „Það er einmitt það sem vantar að fyrirtæki segi starfsfólkinu sínu sem er með litla menntun að þetta sé hægt. Ég bjó í Englandi í einhver tíu ár og þar er alls staðar „Viltu bæta þig“, flest fyrirtæki eru með eitthvað prógram í gangi.

Mér finnst það skorta rosalega hérna heima“. Hérlandis sé mikið um háa starfsmannaveltu og það komi einnig til vegna þess að fyrirtækin eru að reyna að halda launakostnaði lágum. Í þessum rýnihóp sögðust allir stefna á háskólanám, einnig töluðu nemendur um hversu mikil samstaða myndaðist innan hópsins sem vinnur saman og hefur afar hvetjandi áhrif. „Það er svo rosalega mikil einhvern veginn hvatning og samstaða, ég get ekki ímyndað mér að einhver myndi hætta“.

Þegar rætt var um áhuga og reynslu á því að fara aftur í nám við hóp atvinnuleitenda kom í ljós að flestir höfðu áhuga á því. Einn aðili sagði ástæðu þess að hafa ekki farið í nám aftur vera sá að viðkomandi: „hefði ekki stúdentspróf, að þurfa að klára það“. Annar aðili taldi sig hafa áhuga á því að mennta sig í einhverju sem tilheyri því starfi sem viðkomandi fengi vinnu við hvað sem það yrði. Einn sagði: „Ég myndi alveg skella mér í nám ef ég hefði ekkert annað fyrir stafni og helst ekki þannig að ég þyrfti að hlaða á mig námslánum jafnframt“. Annar sagði í framhaldi að hann hafi oft skoðað að komast í Keili en hann vanti alltaf þessi 1-2 ár af menntun<sup>2</sup> til að halda áfram. Viðkomandi vissi af Menntastoðum, en hann taldi að það hentaði sér ekki. Sá sem hafði farið á Bifröst ræddi um að á Bifröst sé starfsreynsla metin. Hann hafði fengið meðmælalbréf og talið upp skólagöngu sína og starfsreynslu og komist inn.

Náms- og starfsráðgjafar sögðu að fólk sem lent hefur í slysum eða hefur dottið út af vinnumarkaði sé í auknum mæli að nýta sér þessa leiðir. Hvati sé einnig falinn í því þegar fólk áttar sig á því hvaða reynslu það hafi safnað og þegar það hefji nám átti það sig á að námið sé viðbót.

Þegar rætt var um hvaða hvatning virkaði vel fyrir hóp atvinnuleitenda voru svörin á ýmsa vegu: „Að fá póst, er ákveðin leið“ og aðrir tóku undir að sú leið væri áhrifarík. Umræðurnar héldu áfram: slíkt gæfi einstaklingum möguleika á að svara pósti og segja „ég er með“ „þá ertu strax komin í samband“. Annar viðmælandi var sammála en hann sagði einnig „það mætti ýta meira við fólk“. Annar bætti við: „væntanlega fær maður sent af og til netpóst frá Vinnumálastofnun, það er kannski verið að boða mann í viðtal eða eitthvað þvíumlíkt“. Að hans mati ætti Vinnumálastofnun að vinna

---

<sup>2</sup> Menntastoðir eða sambærilegur undirbúningur.

með þeim sem sjá um um fullorðinsfræðslu (eins og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins) um niðurgreiðslu á námi fyrir atvinnuleitendur, að þessir aðilar ættu kannski bara að fá pósthafið hjá atvinnuleitendum og senda á þá beint. Viðmælendur voru sammála þessu ef atvinnuleitendur samþykktu að fá upplýsingar í upphafi ætti þessi leið að vera möguleg gagnvart Persónuvernd að þeirra mati. Einn viðmælandi sagði sína upplifun af námskeiðaboði Vinnumálastofnunar: „Okkur var boðið verslunarfagnám þegar við vorum á þessu ferilskráanámskeiði. Þá komu tveir námsráðgjafar og buðu okkur að koma í þetta nám. Þú átt að fara, svara spurningum og búa til einhverja svona færnimöppu. Svo ferðu í tveggja tíma viðtal þar sem færni þín er metin. Það er metið til allt að 51 einingar upp í framhaldsskólanám“. Slíkt mat á færni er hvati til að halda áfram að mati viðmælanda.

Umræðum var beint í átt að hvatningu vana og fjölskyldu og höfðu viðmælendur góða upplifun af hvatningu sinna nánustu: „kannski fjölskyldan smá en ekkert eitthvað of mikið.“ Annar aðili sagði: „Bæði systkini, pabbi og maðurinn minn hafa hvatt mig.“ Annar viðmælandi hafði upplifað hvatningu frá vinnuveitanda: „Já, fyrri atvinnurekandi, hann var að hvetja mig.“

Námsráðgjafarnir veltu því einnig upp hvort það væri hvatning að fyrirtæki veittu launahækkun eða veittu fjárhagslegan stuðning sem hvata að loknu námi. Slíkt gæti gefið skýr merki til starfsmanna að um ábata sé að ræða. Þeir ræddu einnig um að það að upplýsa yfirmenn á vinnustöðunum og fræða þá um fullorðinsfræðslu hafi hvetjandi áhrif. Sem dæmi má nefna að fyrir norðan fundu námsráðgjafar áþreifanlegan mun á árangri þegar yfirmenn voru með á nótunum og upplýstir um starfsemi símenntunarmiðstöðva, þá var hvatningin meiri frá þeirra hendi. Aðrir tóku undir mikilvægi þess að vera í góðu sambandi við stjórnendur fyrirtækja og hafa tengsl við einhverja innan fyrirtækjanna. Baklandið, stéttarfélög og fagfélög séu einnig farin að sjá árangur fullorðinsfræðslunnar og farin að tala um hana. Á síðustu 10 árum hefur margt breyst og Fræðslumiðstöðin er fyrirferðarmeiri í margvíslegu samstarfi við starfsstaði sem auðveldar starfsmönnum fyrirtækjanna að sækja sér fullorðinsfræðslu.

Námsráðgjafarnir telja sig vera hluta af þeim stuðningi sem kerfið veitir þeim einstaklingum sem hafa áhuga á að hefja nám aftur og þeirra hlutverk snúist um tengsl og traust. Þeir telja einnig að sjálfsstyrking sé einn af lykilþáttum varðandi stuðning við einstaklingana. Hluti af sjálfsstyrkingu er að greina erfiðleika viðkomandi eins og fram kom hjá einum námsráðgjafanum: „greiningar eins og lesblinda og annað hefur reynst mjög vel til að koma fólki af stað í námi. Sjálfstraust er oft sá þáttur sem hefur hvað mest áhrif að mati námsráðgjafa, þess vegna henta styttri námskeið til þess að efla fólk til náms. Oftast er það einnig tölvuþekkingin sem heftir fólk í þessum aðstæðum og þörf á að styrkja þann hluta, en fræðslumiðstöðvarnar hafa verið stökkpallur fyrir hundruð einstaklinga sem fara áfram í viðbótarnám“. Námsráðgjafar verða gjarnan varir við það að karlmenn vilji alls ekki leita ráða hjá þeim því þeir upplifi það sem niðurlægingu. Viðmælendur telja ennfremur að konur á aldrinum 55 ára og eldri eigi undir högg að sækja, lendi þær í uppsögnum. Konunum í þessari stöðu er þá oft „troðið“ í ömmuhlutverkið sem þær kæra sig ekki endilega um að vera í. Því má lesa úr þessum upplýsingum að vandamálin sem steðji að þessum hópi séu kynjaskipt.

Þegar einstaklingar sem eru ekki að sækja sér aukna menntun í gegnum fullorðinsfræðslu voru spurðir hvað þeir sæju sem hvata til að virkja sig til náms komu eftirfarandi þættir fram: Viðmælendur í hópi á starfsstað í Reykjavík veltu fyrir sér að námið sem farið væri í með stuðningi vinnuveitenda yrði þá að vera starfstengt. Þá kom fram að erfiðir tímar hefðu verið undanfarið vegna innleiðslu nýs tölvukerfis í fyrirtækinu og höfðu starfsmenn það á orði að ekki hefði verið tími til að sinna námi á þeim tíma vegna álags. Starfsmaður lýsir aðstæðum vegna álagsins á þennan máta: „tekið var í notkun nýtt tölvukerfi og það gekk svakalega illa allt í sambandi við þetta kerfi, þannig það eru einhvern veginn allir búnir. Það er fyrst núna sem fólk er aðeins farið að anda, það gekk svo sem vel hjá okkur öllum að læra á þetta þegar þetta var loksins komið í lag, þetta snerist ekki um það, heldur bara einhvern veginn allir búnir að fá nóg þegar þegar þeir labba kannski héðan út“. Einnig væri mikið álag yfir sumartímann á þessum starfsstað. Svigrúm til náms hefur verið veitt á starfsstaðnum eins og einn starfsmaður lýsir því: „starfsmönnum í deildinni minni er gefið svigrúm til þess að fara [í nám], taka frí bæði á prófdögum og



vinnudögum, og við erum með tvo sem eru í MBA námi og eru þá frá sem sagt einn og hálfan dag hálfsmánaðarlega úr vinnu“.

Viðmælendur í hópi á starfsstað á Suðurnesjum töldu líklegra að þeir færu í nám ef aðrir félagar innan fyrirtækisins færu og töldu einnig ef það væri styrkur í einhverju formi eins og tíma (geta farið fyrr úr vinnu en haldið launum) eða niðurgreiðslu frá vinnuveitanda væru þeir til í að fara í nám. „Já, ábyggilega eða maður myndi örugglega frekar hugsa það ef það væri hópur af félögum að hugsa það, það væri auka drifkraftur í því“. Ef starfsstaðurinn myndi bjóða upp á umgjörð sem styddi nám eins og að halda sömu launum en gefa eftir einhvern ákveðinn tíma til náms myndu aðilar í þessum hóp taka jákvætt í það og hugsa sig vel um varðandi nám. Kvíði háði um helmingi þessa hóps sem taldi sig þurfa frekari stuðning við að vera í námi.

Í könnun Capacent sögðu um 40% aðspurðra að aðstæður þeirra hefðu ekki breyst við að leita til fullorðinsfræðslunnar. Um þrír fjórðu nemenda sem höfðu sótt námskeið á vegum fullorðinsfræðslunnar eða þegið ráðgjöf töldu það hafa mjög jákvæð eða frekar jákvæð áhrif á líf sitt og helmingur aðspurðra sagðist mæla með fullorðinsfræðslunni við aðra. Meirihluti aðspurðra eða 70% sagðist mæla með raunfærnimati fyrir aðra. Yfirgnæfandi meirihluti þeirra sem sótti nám hjá fullorðinsfræðslunni taldi námið hafa jákvæð áhrif á sjálfstraust sitt og yfir þriðjungur þeirra sem höfðu sótt fullorðinsfræðsluna fékk námið metið og hélt áfram í frekara nám. Yfir helmingur þeirra sem leitaði til náms- og starfsráðgjafa taldi ráðgjöfina hafa nýst sér vel og um 40% aðspurðra fóru í nám að að lokinni ráðgjöf.

## 6.4 STUÐNINGUR

Stuðningur frá nærumhverfi, vinnuveitendum og stéttarfélögum er mikilvægur til að fólk geti sótt sér aukna menntun í gegnum fullorðinsfræðsluna. Einstaklingar í Opinni smiðju á Akureyri finna fyrir miklum stuðningi frá öllum aðilum, það er að segja bæði fjölskyldu og í þeim íhlaupastörfum sem hluti þeirra hefur fengið vinnu við. „Allavega þá er ég í svona afleysingavinnu hjá Eimskip. Þegar ég hef sagt nei ég kemst ekki í dag ég er í skólanum í dag. Þá spyrja menn hvað ertu að stúdera og allir sem ég hef talað við eru mjög áhugasamir og allir segja það sama. Ég er sjálfur búinn að sjóða mikið,

rafsuða og svoleiðis en þetta var hlutur sem ég átti eftir. Þetta vantar eiginlega hjá manni” þessi tiltekna gerð.“

Mikil jákvæðni og stuðningur frá fjölskyldum við einstaklinga í starfsnámi við Félagsliða- og leikskólabrú á Suðurlandi er jákvæður að mati þeirra. Einnig hvatning frá samstarfsfólki. Eins og ein sagði: „Þegar ég sagði frá þessu á mínum vinnustað fannst öllum það mjög jákvætt, ertu í námi – já flott hjá þér“. Allir í þessum hópi njóta fjárhagslegs stuðnings, en mismikið, eða frá 50% til 100%. Misjafnt er hvaðan fjárhagsstuðningurinn er en sjóðir stéttarfélaganna eru oft nefndir í þessu samhengi og uppsafnaður réttur launþega. Allir vorur sammála um að slíkur fjárhagsstuðningur væri mikilvægur: „já það skiptir máli“. Einnig var nefnt að stéttarfélögin skipti hér miklu máli þannig að ekki þurfi að leggja fram mikið fjármagn til að auka við sig menntun og þekkingu um leið og sjálfstraustið er eflt. Í því samhengi sagði einn viðmælandi: „Við fáum nefnilega styrk frá stéttarfélaginu það er 70%, það er stéttarfélagið greiðir niður. En þetta er ekki mjög dýrt það finnst mér ekki“.

Einnig er ljóst að verkefnisstjóri hjá framkvæmdaraðila fræðslunnar virkar sem mikill stuðningur fyrir þennan hóp þar sem sumir í hópnum virtust halda að verkefnisstjórinn væri náms- og starfsráðgjafinn. Stuðningur við hópinn var mikill hjá viðkomandi verkefnisstjóra sem var duglegur við að veita upplýsingar og vera til staðar sem var dýrmætt fyrir hópinn. Mikið var um að einstaklingar í þessum hópi væru að fara aftur og aftur á námskeið á vegum Fræðslunetsins til lærdóms og sjálfseflingar.

Flestir einstaklingar í Menntastofnun í Reykjavík nutu fjárhagslegs stuðnings og/eða voru á samningi á vegum Vinnumálastofnunar. Einn var á skólalán frá sveitafélagi og sagði frá því: „Já ég fæ skólalán þangað til að námið verður lánshæft, ég er í Hafnarfirði“. Þessar upplýsingar komu öðrum í hópnum á óvart þar sem í hans bæjarfélagi var enginn slíkur styrkur veittur þó að hann hafi leitað eftir því. Rætt var um að námið ætti að vera lánshæft þar sem um er að ræða nám fyrir fullorðin fólk sem þarf örugglega að borga leigu og á líklega börn til að sjá fyrir. Einn af viðmælendum sagði í því samhengi: „Ég vil líka benda á að ég er þarna á námssamningi hjá Vinnumálastofnun, þeir sem sagt halda áfram að greiða mér

Þangað til ég er búin með námið og ég er með tvö börn og ég myndi ekki geta farið í skóla nema ef þetta væri í boði. Það er ekki möguleiki að fara í framhaldsskóla því að það er náttúrulega ólánshæft“. Flestir höfðu fengið tilboð um styrk en ekki allir þegið hann: „Já mér var boðið upp á það, ég hef ekki þegið það ennþá en get gert það“. Þá þótti hópnum námskeiðin afar ódýr og því ekki alltaf nauðsynlegt að láta niðurgreiða þau fyrir sig en sumir höfðu þó ekki efni á að fara í námið nema að vera styrktir um vissa upphæð: „Já ég held að ég hefði bara ekki farið í þetta nema af því maður fær alltaf styrk“.

Allir þátttakendur í þessum rýnihóp höfðu nýtt sér námsráðgjafa í fullorðinsfræðslu og ánægja ríkti með þá þjónustu. Þeim þótti skorta á handleiðslu um hvernig umsóknarferlið í næstu skref færi fram og vissu mismikið um á hvaða tímamarkum næsta skólastig hæfist. „Það er Keilir og HR, það er ekki samstarf á milli ... það alla vega hentar mér að fara á Bifröst af því ég ætla að fara í stjórn málafræði seinna meir“. Næstu skref voru ekki endilega skýr fyrir viðmælendum í þessum hópi sem ætluðu sér að halda áfram í námi en einn lýsti því yfir að hann væri að vinna með náms- og starfsráðgjafa í næstu skrefum: „Jú, ég er að vinna með einni, er að skrifa bréf til að sækja um hjá sviðsstjóra“ Þó voru ekki allir með skýra sýn á hverjir valmöguleikarnir væru og á hvaða tímamarki þyrfti að vera búíð að sækja um til að taka næstu skref. Ljóst er að náms- og starfsráðgjafar nýtast sem stuðningur við þennan hóp.

Þegar rætt var um stuðning við þá sem eru ekki að sækja sér aukna menntun í gegnum fullorðinsfræðsluna kom eftirfarandi í ljós: Viðmælendur í hópi á starfsstað í Reykjavík lögðu áherslu á að námið yrði að vera hnitmiðað þar sem yfirleitt væri um fjölskyldufólk að ræða sem er í vinnu. Annar taldi að námið væri dýrt, og tjáði sig í framhaldi um fjármagnið sem fer í nám: „Þetta er mjög mikill peningur sem fer í þetta, en ég held að þegar maður er orðinn þetta fullorðinn og fer að hugsa um nám, að þá sé mikilvægt einmitt að vita nákvæmlega, ekki eyða tímanum sínum í eitthvað, heldur að geta verið svona hnitmiðaðri“. Annar segir erfitt að stunda fulla vinnu, nám og vera með fjölskyldu: „Ég myndi vilja geta bara einbeitt mér, þú veist ekki setjandi ofan á allt annað, heldur bara geta kúplað mig út“. Flestir viðmælendur í hópnum

ræddu um að þeir hefðu nýtt sér þjónustu náms- og starfsráðgjafa og einn farið í áhugasviðspróf og í kjölfarið á því á námskeið.

Viðmælendur á starfsstað á Suðurnesjum höfðu farið á námskeið á vegum Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum og höfðu fengið til þess styrk. Einn viðmælenda segir: „fólk var valið inn [í námskeiðið], held ég á vegum Virk og ég þurfti ekki að borga krónu. Það var rosalega mikið í þessu ekki bara námið heldur líka sjálfsstyrking, hópefling og allt svoleiðis“. Allir voru meðvitaðir um að geta fengið styrk til að sækja ýmis konar námskeið á vegum verkalyðsfélaganna. Einn aðili sagðist hafa neikvæða ímynd af námslánum og myndi ekki fara þá leið. Sá segir: „Ekki fyrir mig alla vega ég hef frekar neikvæða ímynd af námslánum þannig að það myndi ekki ýta undir áhugann hjá mér“. Ef hins vegar vinnuveitendur myndu styðja við námið væri það vel þegið að mati aðila í þessum hópi, í hvaða formi sem það væri.

Viðmælendur á starfsstað á Suðurnesjum höfðu nýtt sér þjónustu náms- og starfsráðgjafa en farið mismikið eftir þeim ráðleggingum sem auk þess fóru misvel í fólk. Einn aðili hafði farið í Grunnmenntaskólann en hætti eftir það, sá einstaklingur var haldinn miklum kvíða.

Þegar rætt var við hóp atvinnuleitenda og spurt hvort þau vissu að þau mættu stunda nám með bótagreiðslum kom í ljós að þau vissu af því, en voru þó ekki með vitneskju um hversu mikið nám það mætti vera. Töldu flest að það væri háð einingum: „eru það ekki 4-6 einingar á önn, eitthvað svoleiðis?“. Hið rétta er að leyfilegt er að taka 9 einingar á hverri önn á bótum ef um framhaldsskóla eða háskólanám er að ræða en fullt námskeið ef um fullorðinsfræðslu er að ræða. Umræður leiddust að kostnaði vegna náms. Ein í hópnum sem hafði verið á skrifstofunámskeiði til að efla hæfni sína sagði fjárhagslegan styrk til náms skipta miklu máli: „Þess vegna tók ég þetta. Ég náttúrulega skráði mig í og var búin að borga þetta áður en ég varð atvinnulaus. Og svo var mér sagt það eftir á að ég hefði þurft að biðja um leyfi til að fá að stunda þetta tiltekna nám. Og ég náttúrulega fór bara og talaði við [starfsmann Vinnumálastofnunar] og sagði við viðkomandi að ég hefði verið búin að skrá mig í þetta og væri sem sagt byrjuð í náminu þegar ég fór á atvinnuleysisbæturnar og ég fékk samþykki fyrir því og fékk að halda áfram. Það er

ekki allt sem að þú mátt þegar þú ert á atvinnuleysisbótum“. Það námskeið var að fullu niðurgreitt af VR. Annar aðili segir svipaða sögu: „Ég tók 9 einingar núna í vor og það kostaði 28 þúsund. Svona margmiðlunardæmi eitthvað. Ég hefði aldrei farið í það, það kostaði 108 þúsund. Þannig mér finnst þetta mjög hvetjandi að fá þetta niðurgreitt. Ekki spurning“. Annar segir: „Já, tek alveg undir það, ég held að þetta sé alveg „meik or breik“ að þetta sé hressilega niðurgreitt“. Og kynnt þannig fyrir manni: „Þú getur fengið þetta á 60 þúsund, þetta kostar 300 þúsund. Þannig mætti ýta meira við fólki, að ég held“. Einnig var rætt að styrkir frá VR og öðrum séu ekki endalausir: „ég er búinn með minn rétt af því að ég er búinn að vera svo lengi atvinnulaus“. Þannig að viðkomandi á ekki lengur rétt á niðurgreiðslu frá stéttarfélagi. Hópurinn var spurður hvort þeim hafi verið boðið að fara til náms- og starfsráðgjafa hjá Vinnumálastofnun þar sem aðrir viðmælendur hefðu séð slíka þjónustu sem góðan stuðning. Meirihluta hópsins rak ekki minni til þess. Einn viðmælandi svaraði á þessa leið: „Nei, ég man ekki eftir að mér hafi verið boðið það strax en ég bað eiginlega um það eða bað um að fá að hitta einhvern ráðgjafa og svo var maður náttúrulega boðaður þarna á fund, svona skyldumætingu þar sem að er farið yfir reglur og réttindi og eitthvað svona og í framhaldi af því, sem sagt af þeim fundi þá bað ég um að fá að hitta bara minn ráðgjafa, en hún benti mér svo á einhver námskeið og hjálpaði mér í gegnum þetta“.

## 6.5 HINDRANIR

Náms- og starfsráðgjafar töldu helstu höftin fyrir þá sem sækja nám vera að koma frá sér rituðu máli, þá sé íslenska erfið fyrir þá sem eru af erlendu bergi brotnir þó þeir hafi verið búsettir hér á landi lengi. Fjármagn, tímaskortur, námsframboð og fyrri reynsla af skólagöngu, greiningar (ADHD og lesblinda), veikindi, félagslegar aðstæður og skortur á sjálfstrausti var einnig nefnt af námsráðgjöfum þegar þeir voru beðnir um að telja upp það sem þeir upplifðu sem hömlur fyrir þá sem langar í nám í gegnum fullorðinsfræðslu. Þá ræddu viðmælendur um einsleita uppbyggingu námsins hérlendis þar sem námið í fullorðinsfræðslunni byggist á sömu stoðum og almenna framhaldsskólakerfið. Sem dæmi sé ekki boðið upp á að klára meira af

verklegu og minna af bóklegu þegar kemur að fullorðinsfræðslunni. Þá töldu viðmælendur hindranir einnig felast í því hvað fólk sé oft stutt á veg komið menntunarlega séð. Börn þeirra einstaklinga sem hafa minnstu menntun tali jafnvel niður til foreldra og foreldrar viti oft ekki hvað hugtök sem notuð eru í dag þýða, sem dæmi „sjálfbærni“.

Námsráðgjafar telja að fullorðinsfræðslan gefi foreldrum traust til að tala við börnin sín, þar sem ómenntaðir einstaklingar „upplifa sig stundum sem heimska“. Það sé mikil þörf á því að hvetja einstaklinga til að leita sér stuðnings og leita leiða til að bæta stöðu sína. Hafa ber í huga að mikill munur er á menntunarstigi á milli kynslóða hér á landi í dag og breytingar á samfélaginu miklar á milli kynslóða. Starfsöryggi er ekki mikið þegar um litla formlega menntun er að ræða og þegar þrengingar eiga sér stað í samfélaginu hefur fólk meiri ástæðu til að mennta sig. Eins og fram kom í umræðu: „þegar einstaklingar hafa litla formlega menntun þá er starfsöryggið svo lítið og þegar það koma svona þrengingar á vinnumarkaði að þá sér fólk miklu meiri ástæðu til þess að fara og reyna að tryggja, eða að mennta sig til þess að hafa meiri möguleika á að haldast í starfi eða fá kannski betri vinnu“. Ef þau detta tímabundið út af vinnumarkaði „vegna eins og bara í hruninu, [þá voru] margir sem að misstu vinnuna...“. Fyrir fullorðið fólk á vinnumarkaði kostar heilmikið að fara í gegnum háskólabrú, „þú getur ekki klárað ígildi stúdentsprófs nema frá háskólabrú, sem kostar hálfa milljón og það er heilmikil hindrun“ að mati námsráðgjafa.

Þegar rætt var við hóp atvinnuleitenda var bent á að það væru ákveðin höft á menntuninni á vegum Vinnumálastofnunar: „ég er búin að fara á náttúrulega nokkur námskeið á vegum Vinnumálastofnunar. En þú veist þú verður að vera búin að vera þrjá mánuði atvinnulaus áður en þú mátt sækja eins og einhver forritunarnámskeið eða tölvunámskeið“. Allir einstaklingarnir tala um að það sé lítil virkni núna hjá Vinnumálastofnun þegar kemur að þessum málaflokki, það er eflingu einstaklinga í atvinnuleit. Skorið hafi verið niður í námskeiðahaldi og öll þjónusta verulega skert. Í þessum hópi var fólk sem hafði verið í atvinnuleit í nærri tvö ár og vissi ekki hvað færnimat var.

Áhugaverð upplifun á atvinnuauglýsingum kom frá einum viðmælanda og er á þennan veg: „Það er þannig að: „Háskólamenntun sem að nýtist í starfi.“ - Þetta liggur bara í hverri klausu, ekki háskólamenntun heldur bara sem að nýtist í starfi er komið alltaf líka. Þetta var ekkert svona. Ég man ekki eftir svona auglýsingum, ekki svona gríðarlega miklum kröfum í sjálfu sér“.

Þegar rætt var um höft við þá hópa sem eru ekki að nýta sér úrræði fullorðinsfræðslu voru svörin eftirfarandi: Hjá hóp á starfsstað í Reykjavík kom fram hjá einum einstaklingi að hann hefði farið af stað í nám í öldungadeild en tekið allt of margar einingar og ekki ráðið við það samhliða fjölskyldu og starfi og því hætt. Hann taldi sig ekki fá góðar ráðleggingar varðandi það hvernig best væri að stunda nám með vinnu og fjölskyldu. Ljóst er að þessi upplifun viðkomandi skapaði hræðslu við að sækja sér aukna menntun. Annar ræddi að meta þyrfti starfsreynslu þar sem erfitt væri að byrja á grunninum fyrir fullorðið fólk og það feli í sér ákveðin höft hjá hópi fólks sem hefur verið á vinnumarkaði lengi: „Þú veist maður er búinn að eiga þrjú börn, ég er orðin 52 ára, búin að vinna allt mitt líf, í mörgum vinnum, vera verslunarstjóri“. Aðspurð um hvort það kæmi til greina að fara í námið ef það væri kennt utan heimasvæðis hópsins taldi hann það ekki líklegt og þar með má líta á það sem hindrun fyrir landsbyggðina þegar nám er einungis kennt á höfuðborgarsvæðinu.

Áhugaleysi og skortur á stuðningi var nefndur í hóp á starfsstað á Suðurnesjum sem hindrun fyrir áframhaldandi námi: „Veit það ekki ætli það sé bara ekki áhugaleysi og skortur á stuðningi“. Tveir úr hópnum sem haldnir eru kvíða töldu hann hefta sig mikið en hafa áhuga á að klára framhaldsskólanám: „Já ég er skráð í fjarnám en ég skráði mig, keypti bækurnar og allt en er ekki búin að opna kerfið einu sinni. Ég er bara ekkert búin að vinna í þessu. Finnst þetta svona ég er kannski búin að skrá mig en átta mig svo á því að ég er ekkert að gera í þessu þá hugsa ég að ég átti ekki að vera að þessu, ég mun aldrei ná þessu og þannig“. Umræða hjá þeim einstaklingum snerist um að skólakerfið gerði ekki ráð fyrir því að fólk gæti verið haldið ýmsum röskunum og þörf væri á að mæta þeim: „Mér finnst einmitt námskerfið sem er vandamálið þú veist hvernig þú lærir, hvernig þú skipuleggur þig, ég get ekki

skipulagt mig þú veist ég byrja alltaf ótrúlega vel en svo fer bara allt einhvern veginn það bara gengur ekkert upp“.

Þegar Capacent gögnin voru skoðuð kom í ljós að um helmingur svarenda í könnun leit á helstu hindranir þess að ljúka námi vera tímaleysi, þá kom kostnaður og svo voru bóklegar greinar taldar til. Þá var fjarlægð frá námi (staðsetning) og námsörðugleikar nefnt sem hindranir.

## 6.6 HÓPUR Í VANDA

Náms- og starfsráðgjafar ræddu um hóp sem þau hafa áhyggjur af, en það eru einstaklingar sem eru í atvinnuleit en eru komnir til sveitarfélaga, þar sem þeir falla ekki lengur undir skilgreiningar hjá Vinnumálastofnun vegna tímalengdar af úrræðaleysi. Ljóst er að sveitarfélögin vantar ramma utan um þennan hóp. Ein lausn er Virk þar sem margir úr þessum hópi fái utanumhald og handleiðslu sem leiði gjarnan til fullorðinsfræðslu þar sem jafningjar hittist og samtal þeirra á milli eigi sér stað. Það hjálpi gjarnan fólki að tala saman. Náms- og starfsráðgjafarnir höfðu áhyggjur af því að þessi hópur fari stækkandi, sem færir frá einu kerfi yfir í annað. Einn viðmælanda bendir á að atvinnuleitendur sem „eru búnir að vera það lengi að hann fer inn til féló (aðstoð sveitarfélagsins) og er þar í einhvern ákveðinn tíma. Mér finnst rosalega erfitt að ná til þessa hóps, ... þau segja bara það er ekkert í boði hjá ykkur sem að mér finnst spennandi, ég hef ekki áhuga á námi, þetta er oft fólk með mikla menntun“.

Einnig er að mati náms- og starfsráðgjafa stækkandi hópur einstaklinga á aldrinum 18 til 25 ára sem hafi aldrei náð að spreyta sig á vinnumarkaði og kemst ekki inn á vinnumarkaðinn. Rannsóknir frá Bretlandi sýna að þeir sem eru atvinnulausir á þessu aldursbili séu í sömu hættu á að fá ekki vinnu og þeir sem missa vinnuna sextugir. Að mati ráðgjafa er mikilvægt að huga að þessum áskorunum. Þeir voru sammála um að skortur sé á meira verklegu og meira af stuttu starfstengdu námi. Þeir nefna sem dæmi að efla megi nám í vélstjórn og skipastjórn og bjóða á fleiri stöðum. Einnig nám sem snýr að landbúnaði og sveitastörfum og nám sem snýr að matvælatækni. Vélstjóranám og fleira þurfi að vinna með framhaldsskólastiginu vegna ISO staðla. Námsráðgjafar töluðu um að einstaklingar teldu að það væri frábært að fara í nám



sem tengdist starfinu beint, en þessir einstaklingar hafa hvorki tíma né áhuga á að fara í 50 stunda nám í ensku eða stærðfræði. Fjarnám og spegluð kennsla er eitt form sem nýta má betur og gefur ný tækifæri. Þetta eru reyndar form sem þarf að venjast að mati viðmælenda: „...við þurfum að fá tíma til að læra þetta en þetta náttúrulega er bara framtíðin, bæði þetta [fjarnám] og ég held líka spegluð kennsla“. Þau tala reyndar um að þau hafi áhyggjur af því að erfitt sé fyrir suma nemendur að nándin sé ekki til staðar en fjarkennsluleiðin sé vissulega tækifæri og tæknilega framkvæmanleg sér í lagi fyrir nemendur sem eru lengra á veg komnir. Í dag sé fjarkennsla mismunandi vel framkvæmd.

## 6.7 HUGRENNINGAR UM FRAMTÍÐ

Þegar rætt var um framtíðarsýn við viðmælendur komu eftirfarandi atriði í ljós: Flestir sem nýta sér þjónustu fullorðinsfræðslu voru með ákveðna sýn. Sem dæmi sáu þátttakendur í Opinni smiðju á Akureyri fyrir sér að fara út í eigin rekstur. Viðmælendum þótti einnig þroski og aldur skipta máli og ekki við hæfi að bera hópinn sem er í fullorðinsfræðslu saman við framhaldsskólanemendur þar sem fólk veit betur í dag hvað það vill en nemendur sem eru í framhaldsskóla. Þátttakendur í félagsliða- og leikskólabrú á Suðurlandi voru af breiðasta aldursbilinu þannig að sumir viðmælendur sáu fyrir sér námskeið sem þetta sem styrkingu fyrir sjálfa sig á meðan yngri hópurinn stefndi í að ná sér í aukna menntun.

Þátttakendur í Menntastoðum í Reykjavík höfðu allir skýra sýn um að vera búnir með nám í háskóla eftir fimm ár eða svo.

Þegar hópar sem ekki voru að sækja sér aukna menntun voru spurðir út í hvort þeir sæju sig á öðrum stað í lífinu ef þau hefðu lokið framhaldsskólanámi á sínum tíma, komu eftirfarandi þættir fram: Allir á starfsstað í Reykjavík voru sammála um að þau væru á öðrum stað ef þau hefðu gert það: „Ef ég hefði klárað nám þá væri ég örugglega smiður“. Annar segir: „þá myndi ég frekar starfa við svona umönnun, þú veist þroskaþjálfu eða vinna með börnum eða fólk eða eitthvað svoliðis“. Þegar hópur var spurður um framtíðarsýn sína voru flestir á því að líf þeirra í framtíðinni yrði betra. Þau sáu sig sem stjórnendur og jafnvel í eigin rekstri. Einn af viðmælendum taldi sig verða meiraprófsbílstjóra og taldi það skapa betra líf fyrir sig.

Á starfsstað á Suðurnesjum taldi helmingur hópsins sig sennilega vera á sama stað hvort sem stúdentsprófi hefði verið lokið eða ekki: „Ég væri ábyggilega hér sko ég hafði aldrei ætlað að fara í nám þannig að ef ég hefði farið í nám á sínum tíma þá hefði ég ekkert vitað hvað ég hefði valið þannig að...“. Aðrir höfðu ætlað sér meiri menntun: „Ég væri alla vega komin eitthvert út, ég var að þæla í að vera dýralæknir“. Einn af viðmælendum hafði skýra sýn um að vinna sig upp innan fyrirtækisins: „Ég sé mig sem verkstjóra þangað stefni ég alla vega“.

Þegar viðmælendur í hóp atvinnuleitenda á vegum Vinnumálstofnunar voru spurðir hvort þeir héldu að þeir væru á öðrum stað í dag en ef þeir hefðu klárað framhaldsskóla játuðu því flestir, einn var þó ekki alveg viss. Einn aðili orðar það þannig: „Sko, ég held að ég hafi verið heppinn, vann mikið og vann mig upp í að vera með mitt fyrirtæki og allt það bara í gegnum mig sjálfan í sjálfu sér og ef að ég hefði verið með, lokið einhverju viðskiptafræði eða einhverju, þá hefði ég aldrei lent í því að vera atvinnulaus eftir þetta tímabil. Þá hefði ég alla vega verið með reynslu sem að ég hefði eða skólagöngu sem að ég held að hefði hjálpað mér að fara aftur út á vinnumarkaðinn“. Annar viðmælendi segir að „hingað til hafi hann alltaf fundið eitthvað við hæfi ... en í dag blasir við annar raunveruleiki“.

Það sem skiptir nemendum mestu máli sem fara í raunfærnimat samkvæmt könnun Capacent er að fá einingar metnar þegar kemur til raunfærnimats. Yfir 80% aðspurðra í könnun Capacent töldu niðurstöður raunfærnimats sanngjarna og tæp 90% töldu hlutverk ráðgjafans mikilvægt þegar kemur til raunfærnimats.

## 7 UMRÆÐUR

Samkvæmt Hvítbók menntamálaráðherra er stefnt að því að auka hlutfall nemenda sem ljúka framhaldsskólanámi á Íslandi á réttum tíma úr 44% í 60% fyrir árið 2018.

Markmiðinu á að ná með því að endurskipuleggja námstíma og stytta nám til lokaprófa. Þá á að draga úr brottfalli og breyta skipulagi starfsmenntunar. Lagt er til að nám til stúdentsprófs miðist við þriggja ára námstíma og einnig á að vinna að því að stytta starfsnám. Skima á fyrir áhættuþáttum brottfalls meðal nemenda í framhaldsskólum meðal annars.

Þó að brottfallið sé hátt úr formlegu námi eftir skólaskyldu, þá er endurkomuhlutfall í fullorðinsfræðslu einnig hátt eða um helmingur þeirra sem hætta námi á framhaldsskólaárum. Því er afar áhugavert að skoða hvort hægt er að fá einstaklinga fyrir inn í fullorðinsfræðsluna heldur en gert er í dag. Í því samhengi er hægt að huga að nokkrum leiðum sem nýst geta til að nálgast einstaklinga sem ekki hafa lokið framhaldsskólamenntun eftir formlegri leið með það að leiðarljósi að kynna fyrir þeim fullorðinsfræðsluna. Þessar leiðir eru í gegnum fyrirtæki með hátt hlutfall af ómenntuðu starfsfólki, stéttarfélög, Vinnumálastofnun og að lokum sveitarfélögin sem styðja við bakið á einstaklingum í atvinnuleit eftir að bótarétti hjá Vinnumálastofnun lýkur.

Í viðtölum var bent á að tækifæri felst í því að vinna með fyrirtækjum til að nálgast þann hóp sem er ómenntaður. Hugsanlega væri hægt að kortleggja af hve miklum krafti símenntunarmiðstöðvar gera það í dag og einnig hver hagur fyrirtækja væri af því að útbúa eins konar menntunarleið innan fyrirtækjanna til að fá stjórnendur fyrirtækja til samstarfs við að ná inn fólki í fullorðinsfræðslu. Þá mætti einnig skoða þá þætti sem væru fyrirtækjum til framdráttar þegar slík leið yrði búin til. Samtök atvinnulífsins gætu sem dæmi orðið gott samstarfsafl í þeim hugleiðingum. Hvernig er hægt að styrkja fyrirtækin til að styðja við starfsmenn sem sækja sér aukna menntun?

Þegar kemur að Vinnumálastofnun var bent á í viðtölum að fullorðinsfræðslan væri ekki sýnileg. Tillögur komu fram um að þegar atvinnuleitendur skráðu sig hjá stofnun gætu þeir hakað við hvort þeir hafi almennt áhuga á að vera á póstlista um aukna

menntun á fullorðinsárum. Einnig var bent á að höft væru á aðgengi að námi þegar atvinnuleitendur væru nýskráðir, það er að þeir megi ekki fara í nám fyrstu þrjá mánuðina eftir skráningu og eftir það megi þeir einungis skrá sig í ákveðinn einingarfjölda hverja önn. Hægt væri að skoða hvort þarna liggja tækifæri fyrir aðgengi í fullorðinsfræðslu í frekari samvinnu við Vinnumálastofnun. Þá má spyrja hvort nægilegt upplýsingaflæði um möguleika á námi sé til atvinnuleitenda sem skrá sig hjá Vinnumálastofnun þar sem í ljós kom að þeir sem rætt var við eru ekki alltaf meðvitaðir um fullorðinsfræðsluna, rétt sinn til náms eða hversu margar einingar þeir megi taka í einu. Einnig er spurning hvort endurskoða megi leyfðan einingarfjölda og hver rökin séu á bak við það að einungis megi taka 9 einingar í einu eftir að viðkomandi hefur verið á skrá í þrjá mánuði eða lengur. Atvinnuleitendur finna vel fyrir niðurskurði hjá Vinnumálastofnun samkvæmt þeim sem rætt var við og telja það koma í veg fyrir þjónustu við þá. Það má velta upp spurningu um hvenær og hvernig eigi að endurskoða það stuðningsnet. Það er ljóst að stuðningur við atvinnuleitendur er þeim nauðsynlegur til að efla til frekari færni. Nýting raunfærismatsins við atvinnuleitendur má einnig skoða betur þar sem aðeins einn úr hópi atvinnuleitenda hafði farið í slíkt mat.

Huga þarf að ímynd og sýnileika þeirra fyrirtækja/stofnana sem sinna fullorðinsfræðslunni frá sjónarhorni neytenda. Í viðtölum kom fram að fólk tengdi ekki alltaf við fullorðinsfræðslu, sem dæmi var Mímir í Reykjavík í huga fólks mála- og tómstundaskóli. Svo virðist sem hér vanti upp á, að byggja þá ímynd fullorðinsfræðslu sem þyrfti til að auka sýnileika og varpa ljósi á fullorðinsfræðsluna sem skólastig. Úti á landi virðist auðveldara að koma efni að í gegnum auglýsingar sem koma inn um lúgur á heimili fólks og með persónulegum samskiptum. Tækifæri felast þó í fyrirtækjum úti á landi líkt og í Reykjavík. Samkvæmt hluta hópsins sem rætt var við mætti gjarnan nefna fullorðinsfræðsluna öðru nafni þar sem sumum þótti nafnið fráhrindandi. Því mætti brýna fyrir þeim sem skrifa um fullorðinsfræðslu og vinna í greininni að temja sér orðið framhaldsfræðsla. Þá mætti auka kynningar enn frekar meðal fyrirtækja.

Hvatar til að snúa aftur til náms eða bæta við sig námi virðast myndast eftir að einstaklingar hafa eytt tíma á vinnumarkaði. Þann hvata mætti nýta betur og gera sýnilegra það stig menntunar sem fullorðinsfræðslan býður upp á. Fjárhagslegur stuðningur er til staðar í gegnum stéttarfélögin en jafnvel mætti gera betur í að upplýsa þá sem leita í fullorðinsfræðslu um rétt þeirra.

Námslán voru rædd sem höft og því er spurt hvort nægilega mikið sé ýtt að fólki hvaða möguleika það hafi á styrkjum til dæmis frá stéttarfélögum. Þörf er á að horfa til þess hvaða tekjustuðul fjölskyldur þurfi þegar fyrirvinnur fara í nám, þá er átt við framhaldsskólanám og háskólanám. Þegar fullorðinn einstaklingur með fjölskyldu skráir sig í nám til að undirbúa háskólanám þarf hann að huga að því hvernig hann sér fyrir fjölskyldunni til næstu ára. Hræðsla einstaklinga við fjármögnun náms var álitin hindrun fyrir einstaklinga sem langaði að fara í nám.

Þegar rætt var í rýnihópum um ástæður brottfalls voru áhugaleysi og stefnuleysi helstu ástæður þess að brottfall átti sér stað. Komið hefur fram að framhaldsskólakerfið henti ekki öllum á aldrinum 17 til 20 ára. Einn af markhópum fullorðinsfræðslu gæti ef til vill verið að ná inn hóp á aldrinum 23 til 30 ára þegar fólk hefur eytt tíma á vinnumarkaði og jafnvel fengið áhuga á ákveðnum málefnum.

Einnig kom skýrt fram að náms- og starfsráðgjafar hafa áhyggjur af vaxandi hópi einstaklinga frá 18 ára aldri sem lendir á atvinnuleysisskrá og hefur ekki náð að spreyta sig á vinnumarkaði sem neinu nemur. Þessum hópi gengur illa að komast inn á vinnumarkaðinn aftur og á erfitt með að ná áttum í lífinu, . Líkurnar á að fá vinnu eru minni meðal þessa hóps en annarra hópa að sögn náms- og starfsráðgjafa. Hugsanlega þarf að grípa til aðgerða hér á landi til að sporna gegn þeirri þróun að einstaklingar séu utan vinnumarkaðar alla sína ævi. Annar markhópur fullorðinsfræðslunnar gæti því verið ungir atvinnuleitendur sem eru á skrá hjá Vinnumálastofnun eða þeir sem njóta bóta hjá borg og sveitarfélögum.

Mikill auður virðist falinn í þeim verkefnisstjórum sem vinna á símenntunarmiðstöðvum. Sterk tengsl þeirra við nemendur og hvatning þeirra til nemenda að halda áfram virðist í mörgum tilfellum ómetanlegt. Ástæða er til að athuga hvort þessi auður er fullnýttur.

Verknám gæti vegið þyngra að mati bæði nemenda og náms- og starfsráðgjafa. Meira framboð er af bóklegu námi en verklegu og væri vert að skoða betur hvers konar verknám hentar að kenna í fullorðinsfræðslu í framtíðinni. Því væri verðugt markmið fullorðinsfræðslu að leggja aukna áherslu á verknám. Þá er spurning hvort raunfærnimat er nægilega vel nýtt og þá sérlega meðal atvinnuleitenda.

Þeir sem stunduðu nám í fullorðinsfræðslu og voru hluti af þéttum hópi virtust hafa skýrari sýn og ákveðnari stefnu til framtíðar náms. Nemendur sögðu að sjálfsmynd þeirra batnaði með því að spegla sig í samnemendum sínum og það hafi góð áhrif að vinna með öðrum í hópavinnu. Þetta átti sérstaklega við um bóknámshópana. Þessar niðurstöður samrýmast niðurstöðum Capacent um betri sjálfsmynd að loknu námi í fullorðinsfræðslu og má nýta þær til markaðssetningar.

Svo virðist sem ekki séu til á einum stað tölur yfir aldursbil þátttakenda í fullorðinsfræðslu, sem gætu reynst verðmætar fyrir framtíðastefnu. Einn þáttur í slíkri stefnu gæti verið að huga að meira afmörkuðum aldurshópum, hvort sem um ræðir yngsta hópinn (18 til 23 ára), þeirra sem féllu frá námi og hafa einhverja reynslu á atvinnumarkaði (23-30 ára) eða eldri hópa og jafnvel taka tillit til kyns, samanber þann stóra hóp kvenna á aldrinum 55-65 ára, sem ekki hafa lokið framhaldsskóla, en sá hópur vegur þungt í þeim tölum er sýna fjölmenni þeirra sem ekki hafa lokið framhaldsskóla. Svo virðist sem fullorðinsfræðslan hingað til hafi verið skipulögð of almennt fyrir fólk óháð aldri, sem er í sjálfu sér skiljanlegt en eftir þá uppbyggingu sem hefur átt sér stað og þær breytingar á framhaldsskólakerfinu sem hugað er að er kannski komið að því að greina markhópa og hvernig skal sækja þá. Ný stefna Menntamálaráðherra um að hætta því að hafa bóknámsbrautir framhaldsskóla galopnar fyrir þá sem eru eldri en 25 ára hafa valdið þeim sem telja mikilvægt að minnka brottfallshópin í heild sinni áhyggjum. Samkvæmt útreikingum frá Sambandi íslenskra framhaldskólanema eru það tæplega 1000 manns sem í dag vilja mennta sig í framhaldsskólum en eiga ekki óheftan aðgang vegna aldurs á næsta ári, þar sem tillagan liggur fyrir (Vísir, 2014). Menntamálaráðherra tekur fram að það séu sérstök úrræði fyrir eldri nemendur sem muni brúa það bil og á þá væntanlega við fullorðinsfræðsluna og skólabrýr háskólanna og Keili.

Í skýrslu úr gögnum OECD um menntatölfræði sem Mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf út í september 2014 kemur fram að færri einstaklingar ljúki framhaldsskóla hérlendis ef miðað er við Norðurlöndin, en að það hlutfall hafi þó aukist um 8% frá aldarmótum. Á Norðurlöndunum hafa um 90% nemenda lokið framhaldsskóla (í yngri aldurshópum) á meðan hlutfallið er einungis 75% hér á landi árið 2012 í sama aldurshóp.

## 8 HEIMILDIR

Í fjárlagafrumvarpi ársins 2015 er gert ráð fyrir að enn frekari niðurskurði í framhaldsskólakerfinu, sem gæti þýtt aukna eftirspurn eftir fullorðinsfræðslu.

Auður Sigurðardóttir. 2010. **Að stíga skrefið. Í nám á nýjan leik að loknu raunfærnimati.** MA ritgerð Félagsvísindasvið, Háskóli Íslands.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. 2014. **Að auka gæði í framhaldsfræðslu og starfsfræðslu á atvinnumarkaði.** [www.frae.is](http://www.frae.is). Sótt þann 12.8.2014.

Fræðslunet. 2014. Fræðslunet Suðurnesja. **Námskeið.** <http://www.fraedslunet.is/index.php/namskeidh/flokkur/8-bruarnam>. Sótt þann 12.9.2014.

Gestur Guðmundsson og Hulda Karen Ólafsdóttir. 2013. **Brotthvarf og endurkoma fullorðinna í nám á framhaldsskólastigi.** Útgáfa: Tímarit um menntarannsóknir 10:44-64.

Gunnar E. Finnbogason. 2009. **Að gera hæfni sýnilega: Mat á raunfærni.** Netla veftímarit. Menntavísindasvið, Háskóli Íslands.

Jón Torfi Jónasson. 2013. **Fortíð og framtíð í fullorðinsfræðslu.** Gátt ársrit. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Capacent. 2014. **Námskeið, ráðgjöf og raunfærnimat.** Skýrsla unnin fyrir Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Capacent.

Símey. 2014. **Námskeið í boði.** <http://www.simey.is/is/namskeid/namskeid-i-bodi/malmsuda-opin-smidja>. Sótt þann 12.9.2014.

Sólveig Kristinsdóttir. 2013. „En halló ég hef bara alveg helling.“ **Upplifun starfsmanna fjármálafyrirtækja af raunfærnimati.** MA ritgerð Félagsvísindasvið, Háskóli Íslands.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. 2014. **Hvítbók um umbætur í menntun.** Sótt af [http://www.menntamalaraduneyti.is/media/frettir/Hvitbik\\_Umbaetur\\_i\\_menntun.pdf](http://www.menntamalaraduneyti.is/media/frettir/Hvitbik_Umbaetur_i_menntun.pdf). Sótt þann 20. 10. 2014.

Laufey María Jóhannsdóttir og Benedikt Traustason. 2014., **Kæri Illugi.** Vísir. 20. okt. <http://www.visir.is/kaeri-illugi/article/2014141029951>. Sótt þann 22.10. 2014.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. 2014. **SAMANTEKT ÚR EDUCATION AT A GLANCE 2014. Skýrsla OECD um menntatölfræði.** <http://www.menntamalaraduneyti.is/media/frettir2014/Samantekt-MRN-ur-EAG-2014.pdf>. Sótt þann 13.10.2014

Lög um framhaldsfræðslu. *Lög nr. 27 31. mars 2010.* <http://www.althingi.is/altext/stjt/2010.027.html>. Sótt þann 17.12.2014



